

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/340**2016/EES/44/42**

frá 20. febrúar 2015

um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 10. mgr. 8. gr. c og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Flugumferðarstjórar, ásamt einstaklingum og fyrirtækjum sem taka þátt í þjálfun, prófun, eftirliti, heilbrigðisskoðun og læknisfræðilegu mati þeirra, verða að uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í V. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Þau eiga m.a. að fá vottun eða útgefin skírteini þegar þau hafa sýnt fram á að þau uppfylli grunnkröfurnar.
- 2) Evrópska skírteinið hefur reynst vera skilvirk aðferð til að viðurkenna og votta hæfni flugumferðarstjóra sem gegna sem starfsgrein sérstöku hlutverki við örugga stjórnun flugumferðar. Hæfnisstaðlar á vettvangi Evrópusambandsins hafa einnig dregið úr sundrung á þessu sviði og þannig stuðlað að skilvirkara fyrirkomulagi starfa innan núverandi ramma um auknið svæðisbundið samstarf milli veitenda flugleiðsöguþjónustu. Nauðsynlegur þáttur evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins er að viðhalda og bæta almenna skírteiniskerfið fyrir flugumferðarstjóra sem starfa innan Evrópusambandsins. Í þessu skyni ætti að mæla fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð sem endurspeglar fullkomnustu tækni á þessu sviði.
- 3) Veiting flugleiðsöguþjónustu krefst mjög hæfs starfsfólks, sérstaklega flugumferðarstjóra, og skal vera unnt að færa sönnur á hæfni þess með skírteini, sem gefið er út á grundvelli ítarlegra krafna sem settar eru fram í þessari reglugerð. Áritun, sem er skráð í skírteini, ætti að sýna hvaða tegund flugumferðarþjónustu flugumferðarstjóri er til þess bær að veita. Viðbótaráritanir í skírteini ættu að endurspeglar bæði sérstaka hæfni flugumferðarstjóra og heimild lögbærri yfirvalda til að veita þjónustu innan tiltekins undirsvæðis, hóps undirsvæða og/eða á vinnustöð.
- 4) Yfirvöldin, sem hafa eftirlit með og ganga úr skugga um að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt, ættu að hafa nægilegt sjálfstæði gagnvart flugumferðarstjórum þegar þau gefa út skírteini eða framlengja gildistíma viðbótaráritana, þegar þau ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini, áritanir, viðbótaráritanir eða vottorð í þeim tilvikum þegar skilyrðin fyrir útgáfu þeirra eru ekki lengur uppfyllt. Þessi yfirvöld ættu einnig að vera nægilega sjálfstæð gagnvart veitendum

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 63, 6.3.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

flugleiðsöguþjónustu og þjálfunarfyrirtækjum. Þau ættu að vera fær um að annast verkefni sín á skilvirkan hátt. Lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin, sem bera ábyrgð á skyldunum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, mega vera sama stofnun eða sömu stofnanir og tilnefndar eru eða komið er á fót skv. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ⁽²⁾. Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) ætti að gegna hlutverki lögbærs yfirvalds í því skyni að gefa út og endurnýja vottorð fyrirtækja sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra og eru staðsett utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna og, eftir því sem við á, starfsfólks þeirra. Sem slík ætti hún að uppfylla sömu kröfur.

- 5) Í ljósi séreinkenna flugumferðar í Sambandinu ætti að innleiða sameiginlega hæfnisstaðla fyrir flugumferðarstjóra, sem veitendur flugleiðsöguþjónustu ráða til starfa, til að tryggja opinbera rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu, og beita þeim stöðlum á skilvirkan hátt.
- 6) Aðildarríki ættu að hafa kost á að beita þessari reglugerð gagnvart hermönnum sem veita almenningi þá þjónustu sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 7) Skortur skilningi í samskiptum er oft afgerandi þáttur sem stuðlar að flugatvikum og slysum. Því ætti að mæla fyrir um ítarlegar kröfur um tungumálafærni flugumferðarstjóra. Þessar kröfur byggjast á kröfunum, sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur samþykkt, og kveða á um leiðir til að framfylgja þessum alþjóðlega viðurkenndu stöðlum. Meginreglunum um bann við mismunun, um gagnsæi og meðalhóf er fylgt að því er varðar kröfur um tungumálafærni, með það í huga að hvetja til fjálsrara farar launþega, ásamt því að tryggja öryggi. Gildistími viðbótaráritana um tungumálafærni ætti að vera í réttu hlutfalli við stig tungumálafærni eins og það er ákvarðað í þessari reglugerð.
- 8) Sameiginlegar reglur um útgáfu og viðhald skirteina fyrir flugumferðarstjóra eru nauðsynlegar til að efla gagnkvæmt traust á kerfum aðildarríkjanna. Því ætti að innleiða samræmdar kröfur um þjálfun, menntun og hæfi og hæfni flugumferðarstjóra til að tryggja eins hátt öryggisstig og mögulegt er. Þetta stuðlar einnig að því að tryggja örugga, fyrsta flokks flugstjórnarþjónustu og stuðlar að viðurkenningu skirteina í öllu Sambandinu en þar með eykst fjáls för flugumferðarstjóra og möguleikarnir á að ráða þá til starfa aukast.
- 9) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) hefur ákvarðað viðeigandi staðla um grunnþjálfun sem er að finna í forskrift um sameiginleg meginatriði fyrir grunnþjálfun flugumferðarstjóra (e. *Specification for the ATCO Common Core Content Initial Training*). Til að endurspeglar vísinda- og tækni framfarir og auðvelda samræmda nálgun í grunnþjálfun, sem er lykilmáttur til að tryggja hreyfanleika meðal flugumferðarstjóra, ætti nú að innleiða þessa staðla í lög Sambandsins. Einnig ætti að setja kröfur um deildar- og síþjálfun, með tilliti til viðeigandi grunnkrafna, eins og tilgreint er í 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008. Ef evrópskar þjálfunarkröfur eru ekki fyrir hendi geta aðildarríkin áfram beitt þjálfunarstöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 10) Í samráði við sérfræðingahóp hefur Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu þróað kröfur um læknisfræðilegt mat á flugumferðarstjórum sem aðildarríkin hafa þegar notað ásamt 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Þessar kröfur ætti nú að leiða í lög Sambandsins til að tryggja samræmda beitingu þeirra í öllum aðildarríkjunum.
- 11) Til að tryggja að aðildarríki uppfylli öryggisábyrgðir sínar og -skyldur á réttan og skipulagðan hátt, með því að nota aðferðir stjórnsýslu- og stjórnunarkerfa, sem lögbær yfirvöld og fyrirtæki starfrækja fyrir þeirra hönd, í samræmi við flugöryggisáætlun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir hvert ríki, ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um kröfu sem lögbær yfirvöld eiga að beita.
- 12) Vottun þjálfunarfyrirtækja er einn af afgerandi þáttunum sem stuðla að gæðum í þjálfun flugumferðarstjóra og þar af leiðandi að öruggri veitingu flugumferðarstjórnar. Því ætti að herða kröfurnar sem gerðar eru til þjálfunarfyrirtækja. Það ætti að vera mögulegt að votta þjálfun miðað við tegund hennar, sem þjónustupakka þjálfunar eða þjónustupakka þjálfunar og flugleiðsögu, án þess að missa sjónar á tilteknum einkennum þjálfunarinnar sem hvert fyrirtæki býður upp á.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10).

- 13) Almenn skilyrði til að fá skirteini, að því er varðar aldur og heilbrigðiskröfur, ættu ekki að hafa áhrif á handhafa gildandi skirteina. Til að tryggja réttindi fyrir útgefin skirteini og snurðulausa aðlögun allra handhafa skirteina og lögbærra yfirvalda, ætti að líta svo á að skirteini og heilbrigðisvottorð, sem aðildarríki gefa út í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB ⁽³⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 ⁽⁴⁾, hafi verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.
- 14) Í þágu samræmis ætti að breyta skilgreiningunni á geðvirkum efnum í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ⁽⁵⁾.
- 15) Þar sem þessi reglugerð byggist á fyrri árangri og kröfum samkvæmt reglum ESB ætti til glöggvunar að fella niður reglugerð (ESB) nr. 805/2011.
- 16) Framkvæmdastjórnin hefur notið aðstoðar Flugöryggisstofnunarinnar við undirbúning ráðstafananna, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um ítarlegar reglur um:
 - a) skilyrði fyrir útgáfu, tímabundna ógildingu og afturköllun skirteina flugumferðarstjóra og flugumferðarstjóranema, fyrir tengdum áritunum og viðbótaráritunum og réttindum og ábyrgðum handhafa þeirra,
 - b) skilyrði fyrir útgáfu, takmörkun, tímabundna ógildingu og afturköllun heilbrigðisvottorða flugumferðarstjóra og flugumferðarstjóranema og fyrir réttindum og ábyrgðum handhafa þeirra,
 - c) vottun fluglækna og fluglæknastrá fyrir flugumferðarstjóra og flugumferðarstjóranema,
 - d) vottun fyrirtækja sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra,
 - e) skilyrði fyrir fullgildingu, framlengingu, endurnýjun og notkun slíkra skirteina, áritana, viðbótaráritana og vottorða.
2. Þessi reglugerð gildir um:
 - a) flugumferðarstjóranema og flugumferðarstjóra sem sinna verkefnum sínum innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 216/2008,
 - b) einstaklinga og fyrirtæki sem taka þátt í útgáfu skirteina, þjálfun, prófun, eftirliti og heilbrigðisskoðun og -mati umsækjenda í samræmi við þessa reglugerð.

2. gr.

Farið að kröfum og verklagsreglum

1. Flugumferðarstjóranemar, flugumferðarstjórar og einstaklingar, sem taka þátt í útgáfu skirteina, þjálfun, prófun, eftirliti og heilbrigðisskoðun og -mati umsækjendanna, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 1. gr., skulu hljóta starfsréttindi og skirteini, í samræmi við ákvæði I., III. og IV. viðauka, hjá lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 6. gr.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB frá 5. apríl 2006 um Bandalagsskirteini fyrir flugumferðarstjóra (Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 22).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 frá 10. ágúst 2011 um ítarlegar reglur um skirteini flugumferðarstjóra og tiltekin vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 206, 11.8.2011, bls. 21).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

2. Fyrirtækin, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., skulu uppfylla skilyrðin í samræmi við tæknilegu kröfurnar og stjórnsýslumeðferðina, sem mælt er fyrir um í I., III. og IV. viðauka, og skulu vottuð af lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 6. gr.

3. Heilbrigðisvottorð einstaklinganna, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 1. gr., skulu vera í samræmi við tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðina sem mælt er fyrir um í III. og IV. viðauka.

4. Líta skal svo á að flugumferðarstjórar, sem eru ráðnir til starfa hjá veitendum flugleiðsöguþjónustu, sem veita flugumferðarþjónustu í loftrýminu á yfirráðasvæðinu, sem sáttmálinn gildir um, og hafa höfuðstöðvar sínar og skráða skrifstofu, sé hún fyrir hendi, utan yfirráðasvæðisins, sem fellur undir ákvæði sáttmálans, hafi skirteini í samræmi við 1. mgr., ef þeir uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

- a) þeir séu handhafar skirteinis flugumferðarstjóra sem er gefið út í þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn,
- b) þeir hafi sýnt lögbæra yfirvaldinu, sem um getur í 6. gr., að þeir hafi fengið þjálfun og staðist, með fullnægjandi hætti, skoðanir og mat, sem samrýmast því sem krafist er skv. 1.–4. þætti D-kafla ATCO-hlutans sem er að finna í I. viðauka.

Verkefnið og starfssviðið, sem flugumferðarstjórnum, sem um getur í fyrsta undirlið, er falið, skulu ekki vera umfram réttindi sem tengjast skirteini sem þriðja land gefur út.

5. Kennarar og matsmenn í verklegum greinum, sem starfa hjá þjálfunarfyrirtæki utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, skulu teljast hafa starfsréttindi í samræmi við 1. mgr. ef þeir uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

- a) þeir séu handhafar skirteinis flugumferðarstjóra, sem þriðja land gefur út í samræmi við I. viðauka Chicago-samningsins, með áritun, og, ef við á, viðbótaráritun sem svarar til þess sem þeir hafi heimild til að kenna eða meta verklega færni,
- b) þeir hafi sýnt lögbæra yfirvaldinu, sem um getur í 6. gr., að þeir hafi fengið þjálfun og staðist, með fullnægjandi hætti, skoðanir og mat, sem eru sambærileg því sem krafist er skv. 5. þætti D-kafla ATCO-hlutans sem er að finna í I. viðauka.

Tilgreina skal réttindin, sem um getur í fyrsta undirlið, á vottorði sem þriðja land gefur út og skulu þau takmarkast við að kennslu og mat fyrir þjálfunarfyrirtæki utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

3. gr.

Veiting flugstjórnarþjónustu

1. Aðeins flugumferðarstjórar, sem hafa starfsréttindi og skirteini í samræmi við þessa reglugerð, skulu veita flugstjórnarþjónustu.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu aðildarríki, eftir því sem unnt er, tryggja að þjónusta, sem herinn lætur í té eða gerir aðgengilega almenningi og sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar, bjóði upp á öryggisstig sem jafngildir a.m.k. því sem gerð er krafa um í grunnkröfunum, eins og skilgreint er í V. viðauka b þeirrar reglugerðar.

3. Aðildarríki mega láta þessa reglugerð gilda um þjónustu sem herinn veitir almenningi.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „óeðlilegar aðstæður“: aðstæður, þ.m.t. rekstrartruflanir, sem eru hvorki venjulegar né algengar og sem flugumferðarstjórinn hefur ekki tileinkað sér færni til að ráða bót á,
- 2) „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur“ (AMC): viðmið sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin samþykkti til að sýna fram á aðferðir til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar,

- 3) „flugstjórnarþjónusta“: þjónusta sem er veitt í þeim tilgangi:
 - a) að koma í veg fyrir árekstur:
 - milli loftfars og
 - hindrana á umferðarsvæði flugvallar og
 - b) að flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð,
- 4) „flugstjórnardeild“: almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórnardeild eða flugturn,
- 5) „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur“: annar valkostur en núverandi viðurkennd aðferð til að uppfylla kröfur eða ný aðferð til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar þegar Flugöryggisstofnunin hefur ekki ákvarðað tilheyrandi viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfurnar,
- 6) „mat“: mat verklegar færni, sem leiðir til útgáfu skirteinis, áritunar og/eða viðbótaráritunar/-áritana og framlengingar og/eða endurnýjunar þeirra, þ.m.t. mat atferlis og raunverulegrar beitingar kunnáttu og skilnings hjá einstaklingi sem er metinn,
- 7) „viðbótaráritun matsmanns“: heimild sem skráð er á skirteinið og er hluti af því, sem gefur til kynna hæfni handhafa til að meta verklega færni flugumferðarstjórnanna og flugumferðarstjóra,
- 8) „hættuleg streita vegna flugatviks“: birting óvenjulegra og/eða öfgakenndra tilfinningalegra, líkamlegra og/eða atferlislegra viðbragða einstaklings í kjölfar óvænts atburðar, slyss, flugatviks eða alvarlegs flugatviks,
- 9) „neyðarástand“: alvarlegt og hættulegt ástand sem krefst tafarlausra aðgerða,
- 10) „próf“: formlegt próf til að meta þekkingu og skilning einstaklings,
- 11) „leiðbeiningarefni“: efni, sem er ekki bindandi, sem þróað er af Flugöryggisstofnuninni til að útskýra merkingu kröfu eða forskriftar og er notað til að styðja við túlkun reglugerðar (EB) nr. 216/2008, framkvæmdarreglna hennar og viðurkenndra aðferða til að uppfylla kröfur,
- 12) „staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar“: fjögurra bókstafa kenninúmer sem er myndað í samræmi við reglur, sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir fyrir um í handbók sinni DOC 7910, í nýjustu uppfærðu útgáfunni, og sem er úthlutað faststöðvaþjónustu,
- 13) „viðbótaráritun um tungumálafærni“: yfirlýsing sem er skráð í skirteini og telst hluti þess þar sem tilgreind er tungumálafærni handhafa,
- 14) „skirteini: skjal, sem gefið er út og áritað í samræmi við þessa reglugerð og veitir lögumætum handhafa þess rétt til að nýta réttindin í samræmi við þær áritanir og viðbótaráritanir sem þar eru skráðar,
- 15) „starfsþjálfun á vinnustað“: það stig þjálfunar þegar starfsvenjur og færni, sem áður hefur verið aflað, eru í raun samþættar leiðsögn starfsþjálfara á vinnustað, sem hefur tilskilin starfsréttindi, raunaðstæðum í flugumferð,
- 16) „viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað“: heimild sem er skráð í skirteini og telst hluti þess þar sem tilgreind er hæfni handhafa sem starfsþjálfari á vinnustað og kennari á flugþjálfna,
- 17) „verkhlutþjálfari“: tæki til þjálfunar fyrir tiltekin og sérvalin starfræksluverkefni án þess að nemandinn þurfi að sinna öllum þeim verkefnum sem venjulega eru tengd rekstrarumhverfi í fullri starfsemi,
- 18) „frammistöðumarkmið“: skýr og ótvíræð yfirlýsing um þá frammistöðu sem ætlast er til af einstaklingi í þjálfun, við hvaða skilyrði frammistaðan á sér stað og hvaða kröfur þessi einstaklingur sem er í þjálfun þarf að uppfylla,

- 19) „tímabundin vanhæfni til starfa“: tímabundið ástand þar sem handhafi skirteinis getur ekki neytt réttindanna, sem fylgja skirteininu, þegar áritunir, viðbótaráritunir og heilbrigðisvottorð hans er enn í gildi,
- 20) „geðvirk efni“: alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarlyf og rokgjörn leysiefni en að undanskildu koffíni og tóbaki,
- 21) „viðbótaráritun“: heimild, sem er skráð í skirteini og telst hluti þess, þar sem tilgreind eru sérstök skilyrði, réttindi eða takmarkanir sem tengjast viðkomandi áritun,
- 22) „endurnýjun“: stjórnvaldsaðgerð sem gerð er eftir að áritun, viðbótaráritun eða skirteini er útrunnið og sem endurnýjar réttindi áritunarinnar, viðbótaráritunarinnar eða skirteinisins um nánar tiltekinn tíma, sbr. þó að tilteknar kröfur séu uppfylltar,
- 23) „framlenging“: stjórnvaldsaðgerð sem gerð er á gildistímabili áritunar, viðbótaráritunar eða skirteinis og leyfir handhafa að halda áfram að neyta réttinda áritunar, viðbótaráritunar eða skirteinis um nánar tiltekinn tíma, sbr. þó að tilteknar kröfur séu uppfylltar,
- 24) „undirsvæði“: hluti af flugstjórnarsvæði og/eða hluti af flugupplýsingasvæði eða efra svæði,
- 25) „hermir“: flugþjálfari sem hefur mikilvæga eiginleika raunverulegs rekstrarumhverfis og líkir eftir rekstrarskilyrðum þar sem einstaklingur í þjálfun getur æft verkefni á rauntíma,
- 26) „flugþjálfari“: öll tæki, sem líkja eftir skilyrðum við starfrækslu, þ.m.t. hermar og verkhlutaþjálfarar,
- 27) „kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfara“: heimild, sem er skráð í skirteini og telst hluti þess, þar sem tilgreind er hæfni handhafa til að kenna á flugþjálfara,
- 28) „þjálfunarnámskeið“: bókleg og/eða verkleg kennsla sem þróuð er innan skipulagðs ramma og komið til skila innan skilgreinds tíma,
- 29) „þjálfunarfyrirtæki“: fyrirtæki sem lögbært yfirvald hefur vottað til að sjá um eina eða fleiri tegundir þjálfunar,
- 30) „deildarviðbótaráritun“: heimild, sem er skráð í skirteini og telst hluti þess, þar sem tilgreind eru staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og undirsvæðið, undirsvæðin eða vinnustöðvar þar sem handhafi skirteinisins er til þess bær að starfa,
- 31) „fullgilding“: ferli þegar námskeiði um deildarviðbótaráritun, sem tengist áritun eða viðbótaráritun, hefur verið lokið með fullnægjandi hætti, sem veitir handhafanum leyfi til að hefja að neyta réttindanna sem tengjast þessari áritun eða viðbótaráritun.

5. gr.

Lögbært yfirvald

1. Aðildarríkin skulu tilnefna eða koma á fót einu eða fleiri lögbærum yfirvöldum til að takast á hendur ábyrgð á vottun og eftirliti með einstaklingum og fyrirtækjum sem heyra undir þessa reglugerð.
2. Tilnefna skal lögbæru yfirvöldin, sem hlutaðeigandi aðildarríki komast að samkomulagi um, innan starfræns loftrýmisumdæmis eða ef um er að ræða þjónustu sem veitt er yfir landamæri.
3. Ef aðildarríki tilnefnir eða kemur á fót fleiri en einu lögbæru yfirvaldi skal verksvið hvers lögbærs yfirvalds skýrt skilgreint með tilliti til ábyrgðar og landfræðilegs svæðis, eftir því sem við á. Koma skal á samstarfi milli þessara yfirvalda til að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum einstaklingum og fyrirtækjum, sem falla undir þessa reglugerð, innan viðkomandi valdsviðs þeirra.
4. Lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin skulu vera óháð veitendum flugleiðsöguþjónustu og þjálfunarfyrirtækjum. Unnt er að fullnægja þessari kröfu um óháði með fullnægjandi aðgreiningu, a.m.k. á starfræna sviðinu, annars vegar á milli lögbærra yfirvalda og hins vegar á milli veitenda flugleiðsöguþjónustu og þjálfunarfyrirtækja. Lögbær yfirvöld skulu beita heimildum sínum á óhlutdrægan og gagnsæjan hátt.

Fyrsta undirgreinin gildir einnig um Flugöryggisstofnunina þegar hún kemur fram sem lögbært yfirvald samkvæmt b-lið 2. mgr. og ii. lið a-liðar 3. mgr. 6. gr.

5. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlega getu til að hafa umsjón með vottunar- og eftirlitsstarfsemi, sem fellur undir þær vottunar- og eftirlitsáætlanir sem þau bera ábyrgð á, þ.m.t. nægileg tilföng til að uppfylla kröfur II. viðauka (ATCO.AR-hluta). Aðildarríki skulu einkum nota matið, sem lögbæra yfirvaldið gerir í samræmi við a-lið ATCO. AR.A.005 í II. viðauka, til að sýna fram á þessa getu sína.

6. Aðildarríki skulu tryggja að ekki sé um neina beina eða óbeina hagsmunaárekstra að ræða, að því er varðar starfsfólk lögbæru yfirvaldanna sem annast eftirlits- og vottunarstarfsemi samkvæmt þessari reglugerð, einkum hagsmuni sem varða fjölskyldu eða fjárhag hlutaðeigandi starfsfólks.

7. Líta skal svo á að lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld, sem aðildarríki tilnefnir eða kemur á fót að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011, teljist einnig lögbært yfirvald samkvæmt þessari reglugerð, nema hlutaðeigandi aðildarríki ákveði annað. Í síðarnefnda tilvikinu skulu aðildarríki tilkynna Flugöryggisstofnuninni um nafn eða nöfn og heimilisfang eða heimilisföng lögbæra yfirvaldsins eða lögbæru yfirvaldanna sem þau tilnefna eða koma á fót við beitingu þessarar greinar og um allar breytingar þar á.

6. gr.

Lögbært yfirvald að því er varðar I., III. og IV. viðauka

1. Að því er I. viðauka varðar merkir hugtakið „lögbært yfirvald“ eða „lögbær yfirvöld“ yfirvald eða yfirvöld sem aðildarríki tilnefnir eða kemur á fót og sem tekur við umsókn frá einstaklingi um útgáfu skírteinis.

2. Að því er varðar III. viðauka og eftirlit með kröfunum í I. viðauka um veitendur flugleiðsöguþjónustu skal lögbært yfirvald vera:

a) yfirvaldið, sem er tilnefnt eða komið á fót sem lögbært eftirlitsyfirvald aðildarríkisins, þar sem aðalstarfsstöð umsækjandans er eða skráð skrifstofa hans, ef hún er fyrir hendi, nema kveðið sé á um annað í tvíhliða eða marghliða samkomulagi milli aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra,

b) Flugöryggisstofnunin, ef aðalstarfsstöð umsækjanda eða skráð skrifstofa hans, ef hún er fyrir hendi, er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

3. Að því er varðar IV. viðauka merkir „lögbært yfirvald“:

a) hvað varðar fluglæknasetur:

i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglæknasetursins er, tilnefnir,

ii. Flugöryggisstofnunin ef fluglæknasetrið er í þriðja landi,

b) hvað varðar fluglækna:

i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglæknisins er, tilnefnir,

ii. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem fluglæknirinn sækir um útgáfu vottorðs fluglæknis, tilnefnir, ef aðalstarfsstöð fluglæknis er í þriðja landi.

7. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Litið skal svo á að skírteini, áritanir og viðbótaráritanir, sem gefin eru út í samræmi við viðeigandi ákvæði landslöggjafar og byggjast á tilskipun 2006/23/EB, og skírteini, áritanir og viðbótaráritanir, sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 805/2011, hafi verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

2. Litið skal svo á að áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP) með viðbótaráritun fyrir úthafsstjórnun (OCN), sem gefin er út á grundvelli landsbundinna reglna og byggist á 1. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 805/2011, hafi verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

3. Litið skal svo á að heilbrigðisvottorð og vottorð fyrir þjálfunarfyritæki, fluglækna og fluglæknasetur, samþykki fyrir hæfnisáætlanir og þjálfunaráætlanir deildar, sem gefin eru út í samræmi við viðeigandi ákvæði í landslöggjöf og byggjast á tilskipun 2006/23/EB í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 805/2011, hafi verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

8. gr.

Útskipti skírteina, aðlögun réttinda, þjálfunarnámskeiða og hæfnisáætlana deildar

1. Aðildarríki skulu skipta út skírteinunum, sem um getur í 1. mgr. 7. gr., með skírteinum sem eru í samræmi við sniðið, sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti II. viðauka við þessa reglugerð, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

2. Aðildarríki skulu skipta út vottorðum fyrirtækja sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra, sem um getur í 3. mgr. 7. gr., með vottorðum sem eru í samræmi við sniðið, sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti II. viðauka við þessa reglugerð, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

3. Aðildarríki skulu skipta út vottorðum fluglækna og vottorðum fluglæknasetra, sem um getur í 3. mgr. 7. gr., með vottorðum sem eru í samræmi við sniðið, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. viðbæti II. viðauka við þessa reglugerð, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

4. Lögbær yfirvöld skulu breyta réttindum prófdómara og matsmanna vegna grunnþjálfunar, skv. 20. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011, og prófdómara og matsmanna við að meta hæfni í tengslum við deildar- og síþjálfun, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt skv. 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 805/2011, í réttindi viðbótaráritunar matsmanns, samkvæmt þessari reglugerð, ef við á, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

5. Lögbær yfirvöld mega breyta landsbundnum réttindum kennara á hermi eða flugþjálfá í réttindi kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfá í samræmi við þessa reglugerð, ef við á, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

6. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu aðlaga hæfnisáætlanir deildar svo þær uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

7. Fyrirtæki, sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra, skulu aðlaga þjálfunaráætlanir sínar svo þær uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, eigi síðar en 31. desember 2015 eða 31. desember 2016, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

8. Viðurkenna skal vottorð um að þjálfunarnámskeiði hafi verið lokið áður en beiting þessarar reglugerðar hófst í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 805/2011, að því er varðar útgáfu viðeigandi skírteina, áritana og viðbótaráritana í samræmi við þessa reglugerð, að því tilskildu að þjálfun og mati hafi verið lokið, eigi síðar en 30. júní 2016 eða 30. júní 2017, ef aðildarríki nýtir sér undanþáguna skv. 2. mgr. 11. gr.

9. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012

Í stað 104. liðar 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 komi eftirfarandi:

„104. „geðvirk efni“: alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarlyf og rokgjörn leysiefni en að undanskildu koffíni og tóbaki,“

10. gr.

Niðurfelling

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 er felld úr gildi.

11. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. júní 2015.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum I.–IV. viðauka, að öllu leyti eða að hluta, fyrr en 31. desember 2016.

Þegar aðildarríki nýtir sér þennan möguleika skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það eigi síðar en 1. júlí 2015. Í þessari tilkynningu skal lýsa gildissviði undanþágunnar eða undanþáganna sem og áætluninni um framkvæmd sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir og tengdar tímasetningar. Í því tilviki gilda ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 áfram.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

EFNISYFIRLIT

I. VIÐAUKI — ATCO-HLUTI — KRÖFUR UM ÚTGÁFU SKÍRTEINA FYRIR FLUGUMFERÐARSTJÓRA.....	515
A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR.....	515
ATCO.A.001 Gildissvið	515
ATCO.A.005 Umsókn um útgáfu skírteina, áritana og viðbótaráritana	515
ATCO.A.010 Skipti á skírteinum.....	515
ATCO.A.015 Neyting réttinda skírteina og tímabundin vanhæfni til starfa.....	515
ATCO.A.020 Afturköllun og tímabundin ógilding skírteina, áritana og viðbótaráritana.....	516
B-KAFLI — SKÍRTEINI, ÁRITANIR OG VIÐBÓTARÁRITANIR.....	516
ATCO.B.001 Skírteini flugumferðarstjóranema.....	516
ATCO.B.005 Skírteini flugumferðarstjóra	516
ATCO.B.010 Áritanir flugumferðarstjóra.....	517
ATCO.B.015 Viðbótaráritanir.....	517
ATCO.B.020 Deildarviðbótaráritanir	518
ATCO.B.025 Hæfnisáætlun deildar.....	519
ATCO.B.030 Viðbótaráritun um tungumálafærni	520
ATCO.B.035 Gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni.....	520
ATCO.B.040 Mat á tungumálafærni	521
ATCO.B.045 Tungumálalþjálfun.....	521
C-KAFLI — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL KENNARA OG MATSMANNA	521
1. ÞÁTTUR — KENNARAR.....	521
ATCO.C.001 Kennarar í bóklegum greinum.....	521
ATCO.C.005 Kennarar í verklegum greinum.....	522
ATCO.C.010 Réttindi starfsþjálfara á vinnustað.....	522
ATCO.C.015 Umsókn um viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað.....	522
ATCO.C.020 Gildistími viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað.....	522
ATCO.C.025 Bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfara á vinnustað	522
ATCO.C.030 Réttindi kennara fyrir flugþjálfu.....	523
ATCO.C.035 Umsókn um kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfu.....	523
ATCO.C.040 Gildistími kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfu.....	523
2. ÞÁTTUR — MATSMENN.....	524
ATCO.C.045 Réttindi matsmanns	524

ATCO.C.050	Eiginhagsmunir	524
ATCO.C.055	Umsókn um viðbótaráritun matsmanns.....	524
ATCO.C.060	Gildistími viðbótaráritunar matsmanns	525
ATCO.C.065	Bráðabirgðastarfsleyfi matsmanns	525
D-KAFLI — ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA		525
1. ÞÁTTUR — ALMENNAR KRÖFUR		525
ATCO.D.001	Markmið þjálfunar flugumferðarstjóra	525
ATCO.D.005	Tegundir þjálfunar flugumferðarstjóra	525
2. ÞÁTTUR — KRÖFUR UM GRUNNÞJÁLFUN.....		526
ATCO.D.010	Samsetning grunnþjálfunar.....	526
ATCO.D.015	Grunnþjálfunaráætlun.....	527
ATCO.D.020	Undirstöðu- og réttindaþjálfunarnámskeið.....	527
ATCO.D.025	Próf og mat í tengslum við undirstöðuþjálfun.....	528
ATCO.D.030	Frammistöðumarkmið undirstöðuþjálfunar.....	528
ATCO.D.035	Próf og mat í tengslum við réttindaþjálfun.....	528
ATCO.D.040	Frammistöðumarkmið réttindaþjálfunar.....	529
3. ÞÁTTUR — KRÖFUR UM DEILDARÞJÁLFUN		529
ATCO.D.045	Samsetning deildarþjálfunar	529
ATCO.D.050	Forsendur deildarþjálfunar	530
ATCO.D.055	Deildarþjálfunaráætlun	530
ATCO.D.060	Námskeið um deildarviðbótaráritun	531
ATCO.D.065	Sýnt fram á bóklega þekkingu og skilning	531
ATCO.D.070	Mat á námskeiðum um deildarviðbótaráritun	531
4. ÞÁTTUR — KRÖFUR UM SÍÞJÁLFUN.....		531
ATCO.D.075	Síþjálfun	531
ATCO.D.080	Upprifjunarþjálfun.....	531
ATCO.D.085	Umskiptaþjálfun	532
5. ÞÁTTUR — ÞJÁLFUN KENNARA OG MATSMANNA.....		532
ATCO.D.090	Þjálfun kennara í verklegum greinum	532
ATCO.D.095	Þjálfun matsmanna	532
1. VIÐBÆTUR I. VIÐAUKA — KVARÐI TIL AÐ META TUNGUMÁLAFÆRNI — KRÖFUR UM TUNGUMÁLAFÆRNI		533
2. VIÐBÆTUR I. VIÐAUKA — UNDIRSTÖÐUÞJÁLFUN		536
1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI.....		536
2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR		536
3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR.....		537

4. viðfangsefni: VEDURFRÆÐI.....	538
5. viðfangsefni: LEIÐSAGA.....	539
6. viðfangsefni: LOFTFÖR.....	540
7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR.....	541
8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI.....	542
9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI.....	543
3. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR FLUGSTJÓRNARÞJÓNUSTU VEITT FLUGVALLARUMFERÐ Í SJÓNFLUGI (ADV).....	544
1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI.....	544
2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR.....	544
3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR.....	545
4. viðfangsefni: VEDURFRÆÐI.....	546
5. viðfangsefni: LEIÐSAGA.....	546
6. viðfangsefni: LOFTFÖR.....	546
7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR.....	547
8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI.....	548
9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI.....	548
10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND.....	548
11. viðfangsefni: FLUGVELLIR.....	549
4. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR FLUGSTJÓRNARÞJÓNUSTU Í FLUGTURNI VEITT FLUGVALLAR-UMFERÐ Í BLINDFLUGI — ADI (TWR).....	550
1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI.....	550
2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR.....	550
3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR.....	551
4. viðfangsefni: VEDURFRÆÐI.....	552
5. viðfangsefni: LEIÐSAGA.....	552
6. viðfangsefni: LOFTFÖR.....	553
7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR.....	553
8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI.....	554
9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI.....	554
10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND.....	555
11. viðfangsefni: FLUGVELLIR.....	555
5. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR HUGLÆGA AÐFLUGSSTJÓRNUN ÁN KÖGUNARBÚNAÐAR (APP).....	556
1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI.....	556
2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR.....	556
3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR.....	557
4. viðfangsefni: VEDURFRÆÐI.....	558
5. viðfangsefni: LEIÐSAGA.....	558

6. viðfangsefni: LOFTFÖR	558
7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR	559
8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI	560
9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI	560
10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND	560
11. viðfangsefni: FLUGVELLIR	561
6. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR HUGLÆGA SVÆÐISSTJÓRNUN ÁN KÖGUNARBÚNAÐAR (ACP)	562
1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI	562
2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR	562
3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR	563
4. viðfangsefni: VEDURFRÆÐI	564
5. viðfangsefni: LEIÐSAGA	564
6. viðfangsefni: LOFTFÖR	564
7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR	565
8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI	565
9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI	566
10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND	566
7. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR AÐFLUGSSTJÓRNUN MEÐ KÖGUNARBÚNAÐI (APS)	567
1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI	567
2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR	567
3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR	568
4. viðfangsefni: VEDURFRÆÐI	569
5. viðfangsefni: LEIÐSAGA	569
6. viðfangsefni: LOFTFÖR	570
7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR	570
8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI	571
9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI	571
10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND	572
11. viðfangsefni: FLUGVELLIR	572
8. VIÐBÆTIR I. VIÐAUKA — ÁRITUN FYRIR SVÆÐISSTJÓRNUN MEÐ KÖGUNARBÚNAÐI (ACS)	573
1. viðfangsefni: INNGANGUR AÐ NÁMSKEIÐI	573
2. viðfangsefni: LÖG UM LOFTFERÐIR	573
3. viðfangsefni: REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR	574
4. viðfangsefni: VEDURFRÆÐI	575
5. viðfangsefni: LEIÐSAGA	575

6. viðfangsefni: LOFTFÖR	576
7. viðfangsefni: MANNLEGIR ÞÆTTIR	576
8. viðfangsefni: BÚNAÐUR OG KERFI	577
9. viðfangsefni: STARFSUMHVERFI	577
10. viðfangsefni: ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG NEYÐARÁSTAND	578
II. VIÐAUKI — ATCO.AR—HLUTI — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL LÖGBÆRRA YFIRVALDA	579
A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR	579
ATCO.AR.A.001 Gildissvið	579
ATCO.AR.A.005 Starfsfólk	579
ATCO.AR.A.010 Verkefni lögbærra yfirvalda	579
ATCO.AR.A.015 Aðferðir til að uppfylla kröfur	580
ATCO.AR.A.020 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar	580
ATCO.AR.A.025 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli	581
B-KAFLI — STJÓRNUN	581
ATCO.AR.B.001 Stjórnunarkerfi	581
ATCO.AR.B.005 Úthlutun verkefna til hæfra eininga	582
ATCO.AR.B.010 Breytingar á stjórnunarkerfinu	582
ATCO.AR.B.015 Skráahald	582
C-KAFLI — EFTIRLIT OG FRAMFYLGD	583
ATCO.AR.C.001 Eftirlit	583
ATCO.AR.C.005 Eftirlitsáætlun	583
ATCO.AR.C.010 Frávik og framfylgdarráðstafanir fyrir starfsfólk	584
D-KAFLI — ÚTGÁFA, FRAMLENGING, ENDURNÝJUN, TÍMABUNDIN ÓGILDING OG AFTURKÖLLUN SKÍRTEINA, ÁRITANA OG VIÐBÓTARÁRITANA	584
ATCO.AR.D.001 Verklag fyrir útgáfu, framlengingu og endurnýjun skirteina, áritana, viðbótaráritana og heimilda	584
ATCO.AR.D.005 Afturköllun og tímabundin ógilding skirteina, áritana og viðbótaráritana	585
E-KAFLI — VERKLAGSREGLUR UM VOTTUN FYRIRTÆKJA, SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐAR- STJÓRA, OG SAMÞYKKI ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐA	585
ATCO.AR.E.001 Verklagsreglur um umsóknar- og vottunarferli þjálfunarfyritækja	585
ATCO.AR.E.005 Samþykki þjálfunarnámskeiða og þjálfunaráætlana	586
ATCO.AR.E.010 Breytingar á þjálfunarfyritækjum	586
ATCO.AR.E.015 Frávik og aðgerðir til úrbóta	586
F-KAFLI — SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI FLUGHEILBRIGÐISVOTTORÐ	587
1. ÞÁTTUR — ALMENNAR KRÖFUR	587
ATCO.AR.F.001 Fluglæknasetur og flugheilbrigðisvottorð	587
2. ÞÁTTUR — SKJÖL	588
ATCO.AR.F.005 Heilbrigðisvottorð	588

ATCO.AR.F.010	Vottorð fluglæknis.....	588
ATCO.AR.F.015	Vottorð fluglæknaseturs	588
ATCO.AR.F.020	Eyðublöð á sviði fluglæknisfræði	588
1. VIÐBÆTIR II. VIÐAUKA — Eyðublað fyrir skirteini — SKÍRTEINI FLUGUMFERÐARSTJÓRA.....		589
2. VIÐBÆTIR II. VIÐAUKA — VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM SÉR UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA (ATCO TO)		595
3. VIÐBÆTIR II. VIÐAUKA — VOTTORÐ FLUGLÆKNA.....		597
4. VIÐBÆTIR II. VIÐAUKA — VOTTORÐ FLUGLÆKNASETRA		599
III. VIÐAUKI — ATCO.OR HLUTI — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA, SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA, OG FLUGLÆKNASETRA		600
A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR.....		600
ATCO.OR.A.001	Gildissvið	600
B-KAFLI — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA		600
ATCO.OR.B.001	Umsókn um vottorð þjálfunarfyrtækis	600
ATCO.OR.B.005	Aðferðir til að uppfylla kröfur	600
ATCO.OR.B.010	Skilmálar fyrir samþykki vottorðs þjálfunarfyrtækis og réttindi þess.....	601
ATCO.OR.B.015	Breytingar á þjálfunarfyrtæki	601
ATCO.OR.B.020	Áframhaldandi gildi.....	601
ATCO.OR.B.025	Aðgangur að aðstöðu og gögnum þjálfunarfyrtækis	601
ATCO.OR.B.030	Frávik	601
ATCO.OR.B.035	Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli	602
ATCO.OR.B.040	Tilkynning atvika	602
C-KAFLI — STJÓRNUN FYRIRTÆKJA SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA.....		602
ATCO.OR.C.001	Stjórnunarkerfi þjálfunarfyrtækja	602
ATCO.OR.C.005	Útvistuð starfsemi	602
ATCO.OR.C.010	Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks.....	603
ATCO.OR.C.015	Aðstaða og búnaður	603
ATCO.OR.C.020	Skráahald.....	603
ATCO.OR.C.025	Fjármögnun og tryggingar	603
D-KAFLI — KRÖFUR SEM VARÐA ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ OG ÞJÁLFUNARÁETLANIR		604
ATCO.OR.D.001	Kröfur sem varða þjálfunarnámskeið og þjálfunaráetlanir	604
ATCO.OR.D.005	Niðurstöður prófa og mats sem og vottorð	604
E-KAFLI — KRÖFUR SEM VARÐA FLUGLÆKNASETUR		604
ATCO.OR.E.001	Fluglæknasetur.....	604

IV. VIÐAUKI — ATCO.MED-HLUTI — LÆKNISFRÆÐILEGAR KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FLUGUMFERÐ- ARSTJÓRA.....	605
A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR.....	605
1. ÞÁTTUR — ALMENNT.....	605
ATCO.MED.A.001 Lögbært yfirvald.....	605
ATCO.MED.A.005 Gildissvið.....	605
ATCO.MED.A.010 Skilgreiningar.....	605
ATCO.MED.A.015 Þagnarskylda heilbrigðisstétta.....	606
ATCO.MED.A.020 Skert heilbrigði.....	606
ATCO.MED.A.025 Skyldur fluglæknasetra og fluglækna.....	606
2. ÞÁTTUR — KRÖFUR UM HEILBRIGÐISVOTTORÐ.....	607
ATCO.MED.A.030 Heilbrigðisvottorð.....	607
ATCO.MED.A.035 Umsókn um heilbrigðisvottorð.....	607
ATCO.MED.A.040 Útgáfa, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða.....	607
ATCO.MED.A.045 Gildistími, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða.....	608
ATCO.MED.A.046 Tímabundin ógilding eða afturköllun heilbrigðisvottorðs.....	608
ATCO.MED.A.050 Visun.....	609
B-KAFLI — KRÖFUR SEM VARÐA HEILBRIGÐISVOTTORÐ FLUGUMFERÐARSTJÓRA.....	609
1. ÞÁTTUR — ALMENNT.....	609
ATCO.MED.B.001 Takmarkanir í heilbrigðisvottorðum.....	609
2. ÞÁTTUR — LÆKNISFRÆÐILEGAR KRÖFUR SEM VARÐA 3. FLOKKS HEILBRIGÐISVOTTORÐ.....	609
ATCO.MED.B.005 Almenn.....	609
ATCO.MED.B.010 Hjarta- og æðakerfi.....	610
ATCO.MED.B.015 Öndunarfæri.....	612
ATCO.MED.B.020 Meltingarkerfið.....	613
ATCO.MED.B.025 Efnaskipta- og innkirtlakerfi.....	613
ATCO.MED.B.030 Blóðsjúkdómar.....	613
ATCO.MED.B.035 Þvag- og kynfæri.....	614
ATCO.MED.B.040 Smitsjúkdómar.....	614
ATCO.MED.B.045 Fæðinga- og kvenlækningar.....	614
ATCO.MED.B.050 Vöðva- og beinakerfi.....	614
ATCO.MED.B.055 Geðfræðilegar kröfur.....	615
ATCO.MED.B.060 Sálfræðilegar kröfur.....	615
ATCO.MED.B.065 Taugafræðilegar kröfur.....	615
ATCO.MED.B.070 Sjónkerfi.....	616

ATCO.MED.B.075	Litsjón	617
ATCO.MED.B.080	Háls-, nef- og eyrnafræðilegar kröfur	617
ATCO.MED.B.085	Húðsjúkdómafræðilegar kröfur	617
ATCO.MED.B.090	Æxlafræðilegar kröfur	618
C-KAFLI — FLUGLÆKNAR	618
ATCO.MED.C.001	Réttindi	618
ATCO.MED.C.005	Umsókn	618
ATCO.MED.C.010	Kröfur um útgáfu vottorðs fluglæknis	618
ATCO.MED.C.015	Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði	619
ATCO.MED.C.020	Breytingar á vottorði fluglæknis	618
ATCO.MED.C.025	Gildistími vottorða fluglækna	619

*I. VIÐAUKI***ATCO-HLUTI****KRÖFUR UM ÚTGÁFU SKÍRTEINA FYRIR FLUGUMFERÐARSTJÓRA****A-KAFLI****ALMENNAR KRÖFUR****ATCO.A.001 Gildissvið**

Í þessum hluta, sem settur er fram í þessum viðauka, eru tilgreindar kröfur um útgáfu, afturköllun og tímabundna ógildingu skírteina flugumferðarstjórnema og flugumferðarstjóra, um tengdar áritanir þeirra og viðbótaráritanir og um skilyrði fyrir gildi þeirra og notkun.

ATCO.A.005 Umsókn um útgáfu skírteina, áritana og viðbótaráritana

- a) Umsókn um útgáfu skírteina, áritana og viðbótaráritana skal lögð fram hjá lögbæra yfirvaldinu á þann hátt sem það yfirvald ákveður.
- b) Umsókn um útgáfu frekari áritana eða viðbótaráritana, um framlengingu eða endurnýjun áritana og endurútgáfu skírteinis skal lögð fram hjá því lögbæra yfirvaldi sem gaf það skírteini út.
- c) Sá sem fær skírteinið gefið út skal undirrita það og skal það áfram vera eign hans, nema lögbæra yfirvaldið afturkalli það. Handhafi skírteinisins skal undirrita skírteinið.
- d) Á skírteininu skal tilgreina allar viðeigandi upplýsingar sem tengjast þeim réttindum sem skírteinið veitir og skulu þær samrýmast kröfunum sem settar eru fram í 1. viðbæti II. viðauka.

ATCO.A.010 Skipti á skírteinum

- a) Eigi handhafi skírteinis að neyta réttinda skírteinis í öðru aðildarríki en því sem lögbæra yfirvaldið, sem gaf út skírteinið, er í, skal handhafi skírteinisins leggja fram umsókn um að skipta skírteini sínu út fyrir skírteini sem lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem neyta á réttindanna gefur út, á þann hátt sem það yfirvald ákveður, nema annað hafi verið ákveðið í kjölfar samkomulags á milli aðildarríkjanna. Í þessum tilgangi skulu hlutadeigandi yfirvöld veita hvert öðru allar viðeigandi upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma skipti á skírteininu samkvæmt verklagsreglunum sem um getur í c-lið ATCO.AR.B.001.
- b) Til að unnt sé að skipta á skírteini og neyta réttinda skírteinis í öðru aðildarríki en þar sem skírteinið var gefið út verður handhafi skírteinisins að uppfylla kröfurnar um tungumálafærni, sem um getur í ATCO.B.030, sem viðkomandi aðildarríki ákveður.
- c) Nýja skírteinið skal innihalda áritanir, viðbótaráritanir, skírteinisáritanir og allar gildar deildarviðbótaráritanir á skírteininu, þ.m.t. dagsetninguna sem þær eru fyrst gefnar út og hvenær þær falla úr gildi, ef við á.
- d) Eftir móttöku nýja skírteinisins skal handhafi skírteinisins leggja fram umsóknina, sem um getur í ATCO.A.005, ásamt skírteini sínu fyrir flugumferðarstjóra til að fá nýjar áritanir, viðbótaráritanir, skírteinisáritanir eða deildarviðbótaráritanir.
- e) Að skiptunum loknum skal skila upphaflega útgefna skírteininu til yfirvaldsins sem gaf það út.

ATCO.A.015 Neyting réttinda skírteina og tímabundin vanhæfni til starfa

- a) Neyting þeirra réttinda, sem skírteinið veitir, ákvarðast af gildi áritana, viðbótaráritana og heilbrigðisvottorðsins.
- b) Handhafar skírteinis skulu ekki neyta réttinda skírteinisins hafi þeir efasemdir um að þeir geti neytt réttinda þess með öruggum hætti og skulu þeir í slíkum tilvikum tafarlaust tilkynna viðkomandi veitanda flugleiðsöguþjónustu um tímabundna vanhæfni sína til að neyta réttinda skírteinis síns.
- c) Veitendur flugleiðsöguþjónustu mega lýsa yfir tímabundinni vanhæfni handhafa skírteinis ef þeir verða varir við efasemdir um hæfni handhafa skírteinisins til að neyta réttinda þess með öruggum hætti.

- d) Veitendur flugleiðsögubjónustu skulu þróa og hrinda í framkvæmd hlutlægum og gagnsæjum verklagsreglum, sem eru án mismununar, til að gera handhöfum skirteinis kleift að lýsa yfir tímabundinni vanhæfni til að neyta réttinda skirteinis í samræmi við b-lið, til að lýsa yfir tímabundinni vanhæfni handhafa skirteinis í samræmi við c-lið, til að stjórna rekstrarlegum áhrifum tímabundinnar vanhæfni og til að upplýsa lögbær yfirvöld þar um eins og skilgreint er í þessum verklagsreglum.
- e) Verklagsreglurnar, sem um getur í d-lið, skulu vera í hæfnisáætlun deildar skv. 13. mgr. a-liðar ATCO.B.025.

ATCO.A.020 Afturköllun og tímabundin ógilding skirteina, áritana og viðbótaráritana

- a) Lögbæra yfirvaldið getur fellt áritanir og viðbótaráritanir tímabundið úr gildi eða afturkallað þær samkvæmt ATCO.AR.D.005 þegar handhafi skirteinis uppfyllir ekki kröfurnar í þessum hluta.
- b) Hafi skirteini handhafa verið afturkallað skal hann tafarlaust skila skirteininu til lögbæra yfirvaldsins samkvæmt þeirri stjórnsýslu-meðferð sem það yfirvald ákveður.
- c) Við útgáfu skirteinis flugumferðarstjóra er skirteini flugumferðarstjóranema afturkallað og skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins sem gefur úr skirteini flugumferðarstjóra.

B-KAFLI

SKIRTEINI, ÁRITANIR OG VIÐBÓTARÁRITANIR

ATCO.B.001 Skirteini flugumferðarstjóranema

- a) Handhafar skirteinis flugumferðarstjóranema skulu hafa heimild til að veita flugstjórnarþjónustu í samræmi við áritun eða áritanir og viðbótaráritun eða viðbótaráritanir í skirteini þeirra undir leiðsögn starfsþjálfara á vinnustað og til að gangast undir þjálfun til að fá viðbótaráritun eða -áritanir.
- b) Umsækjendur um útgáfu skirteinis flugumferðarstjóranema skulu:
 - 1) vera a.m.k. 18 ára,
 - 2) hafa lokið grunnþjálfun með viðeigandi árangri, hjá þjálfunarfyritæki, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ARCO.OR-hluta), sem tengist áritun og viðbótaráritun, ef við á, eins og tilgreint er í 2. þætti D-kafla ATCO-hluta,
 - 3) vera handhafar gilds heilbrigðisvottorðs og
 - 4) hafa sýnt fram á fullnægjandi tungumálafærni í samræmi við kröfurnar í ATCO.B.030.
- c) Í skirteini flugumferðarstjóranema skal skráð tungumálaviðbótaráritun eða -áritanir og a.m.k. ein áritun og ein viðbótaráritun, ef við á.
- d) Handhafi skirteinis flugumferðarstjóranema, sem hefur ekki hafið að neyta réttinda þessa skirteinis innan eins árs frá því að skirteinið var gefið út eða hefur gert hlé á að neyta þessara réttinda í meira en eitt ár, getur aðeins hafið eða haldið áfram deildarþjálfun, að því er varðar þessa áritun, eftir að þjálfunarfyritæki, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta) og sem hefur fengið vottun til að veita grunnþjálfun sem tengist árituninni, hefur metið fyrri hæfni hans og sannprófað hvort hann uppfylli enn kröfurnar, sem tengjast þeirri áritun, og eftir að hafa uppfyllt allar kröfur um þjálfun sem leiða af þessu mati.

ATCO.B.005 Skirteini flugumferðarstjóra

- a) Handhafar skirteinis flugumferðarstjóra skulu hafa heimild til að veita flugstjórnarþjónustu í samræmi við þær áritanir og viðbótaráritanir sem skráðar eru í skirteini þeirra og til að neyta réttinda áritananna sem þar eru skráðar.
- b) Réttindi skirteinis flugumferðarstjóra skulu fela í sér réttindi flugumferðarstjóranema eins og sett er fram í a-lið ATCO.B.001.
- c) Umsækjendur um fyrstu útgáfu skirteinis flugumferðarstjóra skulu:
 - 1) vera handhafar skirteinis flugumferðarstjóranema,
 - 2) hafa lokið námskeiði um deildarviðbótaráritun og staðist viðeigandi próf og mat með viðunandi árangri í samræmi við kröfurnar í 3. þætti D-kafla ATCO-hluta,

- 3) vera handhafar gilds heilbrigðisvottorðs og
 - 4) hafa sýnt fram á fullnægjandi tungumálafærni í samræmi við kröfurnar í ATCO.B.030.
- d) Skírteini flugumferðarstjóra skal fullgilt með því að skrá í það eina eða fleiri tegundir áritana og viðeigandi áritun, deildarviðbótaráritun og viðbótaráritun um tungumálafærni þar sem þjálfun lauk með viðunandi árangri.
- e) Handhafi skírteinis flugumferðarstjóra, sem hefur ekki hafið að neyta réttinda tiltekinnar áritunar, sem er innan eins árs frá því að skírteinið var gefið út, getur aðeins hafið deildarþjálfun, að því er varðar þessa áritun, eftir að þjálfunarfyrirtæki, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta) og sem hefur fengið vottun til að veita grunnþjálfun sem tengist árituninni, hefur metið fyrri hæfni hans og sannprófað hvort hann uppfylli enn kröfurnar, sem tengjast þeirri áritun, og eftir að hafa uppfyllt allar kröfur um þjálfun sem leiða af þessu mati.

ATCO.B.010 Áritanir flugumferðarstjóra

- a) Skírteini skulu innihalda eina eða fleiri eftirfarandi áritanir sem gefa til kynna þá tegund þjónustu sem handhafi skírteinisins hefur heimild til að veita:
- 1) áritun fyrir flugstjórnarþjónustu, veitt flugvallarumferð í sjónflugi (ADV), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu á flugvelli þar sem hvorki hafa verið gefnar út verklagsreglur um blindaðflug né blindbrottflyg,
 - 2) áritun fyrir flugstjórnarþjónustu, veitt flugvallarumferð í blindflugi (ADI), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu á flugvelli þar sem gefnar hafa verið út verklagsreglur um blindaðflug eða blindbrottflyg og skal árituninni fylgja a.m.k. ein af viðbótaráritunum sem er lýst í a-lið ATCO.B.015,
 - 3) áritun fyrir huglæga aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (APP) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum flugstjórnarþjónustu í aðflugi, brottflugi eða gegnumferð án þess að nota kögunarbúnað,
 - 4) áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (APS) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum flugstjórnarþjónustu í aðflugi, brottflugi eða gegnumferð með því að nota kögunarbúnað,
 - 5) áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum flugstjórnarþjónustu án þess að nota kögunarbúnað,
 - 6) áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (ACS) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum flugstjórnarþjónustu með því að nota kögunarbúnað.
- b) Handhafi áritunar, sem hefur gert hlé á því að neyta réttinda, sem tengjast þeirri áritun, í fjögur ár samfelld eða lengur getur aðeins hafið deildarþjálfun, að því er varðar þessa áritun, eftir að þjálfunarfyrirtæki, sem uppfyllir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í III. viðauka (ATCO.OR-hluta), og sem hefur fengið vottun til að veita þjálfun, sem tengist árituninni, hefur metið fyrri hæfni og sannprófað hvort viðkomandi aðili uppfylli enn skilyrði þessarar áritunar, og eftir að hafa uppfyllt allar kröfur um þjálfun sem leiða af þessu mati.

ATCO.B.015 Viðbótaráritanir

- a) Áritun fyrir flugstjórnarþjónustu, veitt flugvallarumferð í blindflugi, skal fylgja a.m.k. ein af eftirfarandi viðbótaráritunum:
- 1) viðbótaráritun fyrir stjórnun loftfara á flugi (AIR) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að annast stjórnun loftfara á flugi í tengslum við flugumferð í nágrenni flugvallar og á flugbrautinni,
 - 2) viðbótaráritun fyrir stjórnun umferðar á jörðu niðri (GMC) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að annast stjórnun umferðar á jörðu niðri,

- 3) viðbótaráritun fyrir flugturnsþjónustu (TWR) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita flugturnsþjónustu; viðbótaráritun fyrir flugturnsþjónustu felur í sér réttindi viðbótaráritunar fyrir stjórnun loftfara á flugi og viðbótaráritunar fyrir stjórnun umferðar á jörðu niðri,
 - 4) viðbótaráritun fyrir stjórnun umferðar á jörðu niðri með kögunarbúnaði (GMS), sem er veitt, auk viðbótaráritunar fyrir stjórnun umferðar á jörðu niðri eða viðbótaráritunar fyrir flugturnsþjónustu, sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að stjórna umferð á jörðu niðri með aðstoð leiðsögukerfis á athafnasvæði flugvallar,
 - 5) viðbótaráritun fyrir ratsjárstjórnun flugvallar (RAD), sem er veitt, auk viðbótaráritunar fyrir stjórnun loftfara á flugi eða viðbótaráritunar fyrir flugturnsþjónustu, sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu með aðstoð kögunarratsjár.
- b) Áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði getur fylgt ein eða fleiri af eftirfarandi viðbótaráritunum:
- 1) viðbótaráritun fyrir nákvæmnisaðflugsstjórnun með ratsjá (PAR), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að stjórna, frá jörðu, nákvæmnisaðflugi loftfara á lokastefnu að flugbraut með nákvæmnisratsjárþúnaði,
 - 2) viðbótaráritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarratsjá (SRA), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að stjórna, frá jörðu, grunnaðflugi loftfara á lokastefnu að flugbraut með því að nota kögunarbúnað,
 - 3) viðbótaráritun fyrir aðflugsstjórnun (TCL), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á tilgreindu aðflugssvæði og/eða aðliggjandi undirsvæðum, flugstjórnarþjónustu með því að nota hvers kyns kögunarbúnað.
- c) Áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP) getur fylgt viðbótaráritun fyrir úthafsstjórnun (OCN), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á úthafsstjórnarsvæði, flugstjórnarþjónustu.
- d) Áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði getur fylgt ein af eftirfarandi viðbótaráritunum:
- 1) viðbótaráritun fyrir aðflugsstjórnun (TCL), sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á tilgreindu aðflugssvæði og/eða aðliggjandi undirsvæðum, flugstjórnarþjónustu með því að nota hvers kyns kögunarbúnað,
 - 2) viðbótaráritun fyrir úthafsstjórnun (OCN) sem tilgreinir að handhafi skírteinisins sé til þess bær að veita loftförum, sem starfrækt eru á úthafsstjórnarsvæði, flugstjórnarþjónustu.

ATCO.B.020 Deildarviðbótaráritanir

- a) Deildarviðbótaráritun skal heimila handhafa skírteinisins að veita flugstjórnarþjónustu innan tiltekins undirsvæðis, hóps undirsvæða og/eða á vinnustöð sem er á ábyrgð flugumferðarþjónustudeildar.
- b) Umsækjendur um deildarviðbótaráritun skulu hafa lokið námskeiði um deildarviðbótaráritun með viðunandi árangri í samræmi við kröfurnar í 3. þætti D-kafla ATCO-hluta.
- c) Umsækjendur um deildarviðbótaráritun í kjölfar skipta á skírteininu, sem um getur í ATCO.A.010, skulu, til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í b-lið, uppfylla kröfurnar í f-lið ATCO.D.060.
- d) Lögbæra yfirvaldið má fara fram á að viðbótarkröfum sé fullnægt, að því er varðar flugumferðarstjóra sem veita loftförum, sem eru notuð til flugprófana, flugstjórnarþjónustu, til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í b-lið.
- e) Deildarviðbótaráritanir skulu gilda í tiltekið tímabil sem er skilgreint í hæfnisáætlun deildar. Slíkt tímabil skal ekki vara lengur en í þrjú ár.
- f) Við fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími deildarviðbótaráritana hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að matinu lauk með fullnægjandi árangri.
- g) Framlengja skal gildistíma deildarviðbótaráritanna ef:
 - 1) umsækjandi hefur neytt réttinda skírteinisins í þann lágmarksfjölda klukkustunda sem tilgreindur er í hæfnisáætlun deildar,

- 2) umsækjandi hefur lokið við upprifjunarþjálfun á gildistíma deildarviðbótaráritunarinnar samkvæmt hæfnisáætlun deildar,
- 3) hæfni umsækjanda hefur verið metin í samræmi við hæfnisáætlun deildar í fyrsta lagi þremur mánuðum áður en deildarviðbótaráritunin fellur úr gildi.
- h) Framlengja skal gildistíma deildarviðbótaráritananna innan næstliðinna þriggja mánaða áður en þær renna út, að því tilskildu að kröfunum, sem settar eru fram í g-lið, sé fullnægt. Í slíkum tilvikum telst gildistíminn frá þeirri lokadagsetningu.
- i) Ef gildistími deildarviðbótaráritunar er framlengdur áður en tímabilið, sem kveðið er á um í h-lið, hefst skal gildistíminn hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að matinu lauk með fullnægjandi árangri, að því tilskildu að kröfunum í 1. og 2. lið g-liðar hafi einnig verið fullnægt.
- j) Ef deildarviðbótaráritun fellur úr gildi skal handhafi skírteinis ljúka námskeiði um deildarviðbótaráritun með fullnægjandi árangri, í samræmi við kröfunar, sem settar eru fram í 3. þætti D-kafla ATCO-hluta, til að endurnýja viðbótaráritunina.

ATCO.B.025 Hæfnisáætlun deildar

- a) Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal koma á fót hæfnisáætlun deildar og skal hún samþykkt af lögbæra yfirvaldinu. Hún skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:
 - 1) gildi deildarviðbótaráritunar í samræmi við e-lið ATCO.B.020,
 - 2) lengsta samfellda tímabilið sem réttinda deildarviðbótaráritunar er ekki neytt á gildistíma hennar; slíkt tímabil skal ekki vara lengur en 90 almanaksdaga,
 - 3) að því er varðar 1. lið g-liðar ATCO.B.020, lágmarksfjöldi klukkustunda sem réttinda deildarviðbótaráritunar er neytt innan tilgreinds tímabils sem skal ekki vara lengur en 12 mánuði; að því er varðar starfsþjálfara á vinnustað, sem neyta réttinda viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað, skal kennslutíminn vera að hámarki 50% af þeim fjölda klukkustunda sem krafist er við framlengingu gildistíma deildarviðbótaráritunar,
 - 4) verklagsreglur í þeim tilvikum þegar handhafi skírteinis uppfyllir ekki kröfunar sem settar eru fram í 2. og 3. lið a-liðar,
 - 5) verklagsreglur til að meta hæfni, þ.m.t. mat á viðfangsefnum upprifjunarþjálfunar samkvæmt b-lið ATCO.D.080,
 - 6) verklagsreglur til að athuga bóklega þekkingu og skilning sem þarf til að neyta réttinda áritana og viðbótaráritana,
 - 7) verklagsreglur til að skilgreina efni og undirefni, markmið og þjálfunaraðferðir fyrir síþjálfun,
 - 8) lágmarkslengd og tíðni upprifjunarþjálfunar,
 - 9) verklagsreglur til að athuga bóklega þekkingu og/eða meta verklega færni, sem aflað er í umskiptaþjálfun, þ.m.t. lágmarkskröfur til að standast próf,
 - 10) verklagsreglur í þeim tilvikum þegar viðkomandi stenst hvorki próf né mat, þ.m.t. áfrýjunarferli,
 - 11) starfsréttindi starfsfólks við þjálfun, hlutverk þeirra og ábyrgð,
 - 12) verklagsreglur til að tryggja að kennarar í verklegum greinum hafi æft kennsluáðferðir í því verklagi sem fyrirhugað er að kenna í samræmi við 3. lið b-liðar ATCO.C.010 og 3. lið b-liðar ATCO.C.030,
 - 13) verklagsreglur um yfirlýsingu og stjórnun, ef um er að ræða tímabundna vanhæfni til að neyta réttinda skírteinis, ásamt því þegar sendar eru upplýsingar til lögbærs yfirvalds í samræmi við d-lið ATCO.A.015,

- 14) auðkenningu þeirra skráa sem á að geyma og varða sérstaklega síþjálfun og mat í samræmi við ATCO.AR.B.015,
 - 15) verklagsreglur um og ástæður fyrir endurskoðun og breytingu á hæfnisáætlun deildar og framlagningu þessarar áætlunar fyrir lögbært yfirvald. Endurskoða skal hæfnisáætlun deildar a.m.k. á þriggja ára fresti.
- b) Til að uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í 3. lið a-liðar, skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu halda skrár yfir þær klukkustundir sem handhafi skírteinis neytir réttinda sinna samkvæmt deildarviðbótaráritun, við störf á undirsvæðum, hópi undirsvæða og/eda á vinnustöðvum á flugstjórnardeild og skulu þessi gögn lögð fyrir lögbær yfirvöld og handhafa skírteinis, óski þau eftir því.
 - c) Þegar settar eru verklagsreglurnar, sem um getur í 4. og 13. lið a-liðar, skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu sjá til þess að notað sé fyrirkomulag sem tryggir að handhafar skírteina fái sanngjarna meðferð ef ekki er unnt að framlengja gildistíma viðbótaráritana þeirra.

ATCO.B.030 Viðbótaráritun um tungumálafærni

- a) Flugumferðarstjórar og flugumferðarstjóranemar skulu ekki neyta réttinda skírteina sinna nema þeir hafi gilda viðbótaráritun um tungumálafærni í ensku og, ef við á, í því tungumáli eða tungumálum sem aðildarríkið ákveður með skírskotun til öryggis flugstjórnardeildarinnar eins og birt er í flugmálahandbókinni. Í viðbótarárituninni um tungumálafærni skal tilgreint tungumálið eða tungumálin, færnistig og gildistími.
- b) Stig tungumálafærni skal ákvarðað í samræmi við matskvarðann sem tilgreindur er í 1. viðbæti I. viðauka.
- c) Umsækjandi um viðbótaráritun um tungumálafærni skal, í samræmi við matskvarðann, sem um getur í b-lið, sýna fram á tungumálafærni sem samsvarar a.m.k. starfrækslustigi (4. stigi).

Til þess skal umsækjandi:

- 1) einungis hafa talsamskipti með hjálp búnaðar (sími/talstöð) og augliti til auglitis,
 - 2) hafa samskipti um sameiginleg, markviss og starfstengd málefni af nákvæmni og skýrleika,
 - 3) nota viðeigandi aðferðir til boðskipta og til að koma auga á og leiðrétta misskilning í almennu eða starfstengdu samhengi,
 - 4) leysa nokkuð auðveldlega og á fullnægjandi hátt þann tungumálavanda sem upp kemur við erfiðar eða óvæntar aðstæður í tengslum við venjubundnar starfsaðstæður eða samskiptaverkefni sem viðkomandi er að öðru leyti kunnugur og
 - 5) nota mállýsku eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.
- d) Þrátt fyrir c-lið getur veitandi flugleiðsöguþjónustu gert kröfu um framhaldsstig (5. stig) á kvarða til að meta tungumálafærni, sem tilgreindur er í 1. viðbæti I. viðauka, þar sem aðstæður við starfrækslu, tengdar tiltekinni áritun eða viðbótaráritun, krefjast herra tungumálafærnistigs vegna brýnna öryggisástæðna. Slík krafa skal vera án mismununar, hófleg, gagnsæ og sá veitandi flugleiðsöguþjónustu sem óskar eftir að beita herra tungumálafærnistigi skal rökstyðja kröfuna á hlutlægan hátt og skal lögbæra yfirvaldið samþykkja hana.
 - e) Sýna skal fram á tungumálafærni með því að framvísa vottorði sem staðfestir niðurstöður mats.

ATCO.B.035 Gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni

- a) Gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni, með hliðsjón af stiginu sem ákvarðast í samræmi við 1. viðbæti I. viðauka, skal vera:
 - 1) þrjú ár frá því að matið fer fram, að því er varðar starfrækslustig (4. stig), eða
 - 2) sex ár frá því að matið fer fram, að því er varðar framhaldsstig (5. stig),

- 3) að því er varðar sérfræðistig (6. stig):
 - i. níu ár frá því að matið fer fram, að því er varðar ensku,
 - ii. ótakmarkað fyrir öll önnur tungumál sem um getur í a-lið ATCO.B.030.
- b) Gildistími viðbótaráritana um tungumálafærni fyrir fyrstu útgáfu og endurnýjun skal hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að tungumálafærnimatinu lauk með fullnægjandi árangri.
- c) Gildistími viðbótaráritana um tungumálafærni skal framlengdur að loknu tungumálafærnimati með fullnægjandi árangri innan næstliðinna þriggja mánaða áður en áritanirnar renna út. Í slíkum tilvikum hefst nýi gildistíminn frá þeirri lokadagsetningu.
- d) Ef gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni er framlengdur áður en tímabilið, sem kveðið er á um í c-lið, hefst skal gildistíminn hefjast eigi síðar en 30 dögum frá því að tungumálafærnimatinu lauk með fullnægjandi árangri.
- e) Þegar gildistími viðbótaráritunar um tungumálafærni rennur út skal handhafi skirteinis ljúka tungumálafærnimati með fullnægjandi árangri til að fá viðbótaráritun sína endurnýjaða.

ATCO.B.040 Mat á tungumálafærni

- a) Sýna skal fram á tungumálafærni með því að nota tiltekna matsaðferð, sem lögbært yfirvald samþykkir, og skal hún fela í sér:
 - 1) matsferli,
 - 2) starfsréttindi matsmanna,
 - 3) áfrýjunarmeðferð.
- b) Aðilar sem meta tungumálafærni skulu uppfylla kröfurnar sem lögbær yfirvöld setja samkvæmt ATCO.AR.A.010.

ATCO.B.045 Tungumálþjálfun

- a) Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu sjá til þess að eftirfarandi aðilar hafi aðgang að tungumálþjálfun til að viðhalda því tungumálafærnistigi sem krafist er fyrir flugumferðarstjóra:
 - 1) handhafar viðbótaráritunar um tungumálafærni á starfrækslustigi (4. stigi),
 - 2) handhafar skirteinis sem hafa ekki tækifæri til að nýta kunnáttu sína reglulega í því skyni að viðhalda tungumálakunnáttu sinni.
- b) Tungumálþjálfun getur einnig verið aðgengileg sem síþjálfun.

C-KAFLI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL KENNARA OG MATSMANNA

1. ÞÁTTUR

Kennarar

ATCO.C.001 Kennarar í bóklegum greinum

- a) Aðeins kennarar, sem eru með viðeigandi starfsréttindi, skulu annast bóklega kennslu.
- b) Kennari í bóklegum greinum hefur viðeigandi starfsréttindi ef hann:
 - 1) hefur skirteini flugumferðarstjóra og/eða viðeigandi faglega menntun og hæfi fyrir viðfangsefnið sem er kennt og/eða hefur sýnt þjálfunarfyrrtækinu fram á viðunandi kunnáttu og reynslu,
 - 2) hefur sýnt þjálfunarfyrrtækinu fram á kennslufærni sína.

ATCO.C.005 Kennarar í verklegum greinum

Einstaklingur skal aðeins sjá um verklega þjálfun ef hann er handhafi skírteinis flugumferðarstjóra með viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað eða kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfara.

ATCO.C.010 Réttindi starfsþjálfara á vinnustað

- a) Handhafar viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað hafa heimild til að veita verklega þjálfun og hafa umsjón með starfrækslu á vinnustöðvum, sem viðkomandi hefur gilda deildarviðbótaráritun fyrir, og með flugþjálfara að því er varðar þær áritanir sem viðkomandi hefur.
- b) Handhafar viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað skulu aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar ef þeir hafa:
 - 1) neytt réttinda áritunarinnar, sem þeir munu kenna innan, í a.m.k. tvö ár,
 - 2) neytt réttinda gildrar deildarviðbótaráritunar á næstliðnu tímabili sem er a.m.k. sex mánuðir og sem þjálfunin nær til,
 - 3) æft kennslufærni í því verklagi sem fyrirhugað er að veita kennslu í.
- c) Lögbæra yfirvaldið má ekki stytta tveggja ára tímabilið, sem um getur í 1. lið b-liðar, í minna en eitt ár óski þjálfunarfyrtækið eftir því.

ATCO.C.015 Umsókn um viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað

Umsækjendur um útgáfu viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað skulu:

- a) vera handhafar skírteinis flugumferðarstjóra með gildri deildarviðbótaráritun,
- b) hafa neytt réttinda skírteinis flugumferðarstjóra í a.m.k. næstliðin tvö ár áður en umsóknin er lögð fram; lögbæra yfirvaldið má ekki stytta þetta tímabil í minna en eitt ár, óski þjálfunarfyrtækið eftir því, og
- c) hafa lokið, með viðunandi árangri, námskeiði um verklega kennslutækni innan næstliðins árs áður en umsóknin er lögð fram, þar sem nauðsynleg þekking og kennslufærni eru kennd og metin á viðeigandi hátt.

ATCO.C.020 Gildistími viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað

- a) Viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað skal gilda í þrjú ár.
- b) Mögulegt er að framlengja gildistíma viðbótaráritunar starfsþjálfara á vinnustað með því að ljúka, með viðeigandi árangri, upprifjunarþjálfun í kennslu í verklegri færni á gildistíma hennar, að því tilskildu að kröfum a- og b-liðar ATCO.C.015 sé fullnægt.
- c) Ef viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað hefur fallið úr gildi er hægt að endurnýja hana með því að:
 - 1) gangast undir upprifjunarþjálfun í kennslu í verklegri færni og
 - 2) standast hæfnimat sem kennari í verklegum greinum, með viðunandi árangri;innan næstliðins árs áður en sótt er um endurnýjun, að því tilskildu að kröfunum a- og b-liðar ATCO.C.015 sé fullnægt.
- d) Ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími viðbótaráritunar fyrir starfsþjálfara á vinnustað hefjast eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi sem matinu var lokið með viðunandi árangri.
- e) Ef kröfum a- og b-liðar ATCO.C.015 er ekki fullnægt má skipta á viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað fyrir kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfara, að því tilskildu að tryggt sé að kröfum b- og c-liðar ATCO.C.O.040 sé fullnægt.

ATCO.C.025 Bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfara á vinnustað

- a) Þegar ekki er mögulegt að uppfylla kröfurnar, sem kveðið er á um í 2. lið b-liðar ATCO.C.010, getur lögbært yfirvald veitt starfsþjálfara á vinnustað bráðabirgðastarfsleyfi á grundvelli öryggisgreiningar sem veitandi flugleiðsöguþjónustu leggur fram.

- b) Heimilt er að gefa út bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfa á vinnustað, sem um getur í a-lið, til handa handhöfum gildrar viðbótaráritunar starfsþjálfa á vinnustað sem gefin er út í samræmi við ATCO.C.015.
- c) Bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfa á vinnustað, sem um getur í a-lið, skal takmarkast við þá kennslu sem er nauðsynleg í sérstökum undantekningartilvikum og það skal ekki gilda lengur en í eitt ár eða ekki lengur en sem nemur gildistíma viðbótaráritunar starfsþjálfa á vinnustað, sem er gefin út í samræmi við ATCO.C.015, hvort sem gerist fyrir.

ATCO.C.030 Réttindi kennara fyrir flugþjálf

- a) Handhöfum kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálf er heimilt að veita verklega þjálfun á flugþjálf:
 - 1) í verklegum viðfangsefnum á meðan grunnþjálfun stendur yfir,
 - 2) vegna annarrar deildarþjálfunar en starfsþjálfunar á vinnustað og
 - 3) vegna síþjálfunar.Þegar kennari á flugþjálf veitir undirbúningsstarfsþjálfun á vinnustað skal hann hafa eða hafa haft viðeigandi deildarviðbótaráritun.
- b) Handhafar kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálf skulu aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar ef þeir hafa:
 - 1) a.m.k. tveggja ára reynslu í árituninni sem veita á kennslu í,
 - 2) sýnt fram á þekkingu á nýjustu starfsvenjum,
 - 3) æft kennsluáferðir í því verklagi sem fyrirhugað er að veita kennslu í.
- c) Þrátt fyrir 1. mgr. b-liðar
 - 1) eiga allar áritanir við, að því er varðar undirstöðubjálfun,
 - 2) má kennari á flugþjálf veita þjálfun í tilteknum og sérvöldum starfræksluverkefnum, sem hann hefur áritun fyrir, sem á við þessi tilteknu og sérvöldu verkefni, að því er varðar réttindaþjálfun.

ATCO.C.035 Umsókn um kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálf

Umsækjendur um útgáfu kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálf skulu:

- a) hafa neytt réttinda skírteinis flugumferðarstjóra, innan hvaða áritunar sem er, í a.m.k. tvö ár og
- b) hafa lokið, með viðunandi árangri, námskeiði um verklega kennslutækni innan næstliðins árs áður en umsóknin er lögð fram, þar sem nauðsynleg þekking og kennslufærni eru kennd með bóklegum og verklegum aðferðum og metin á viðeigandi hátt.

ATCO.C.040 Gildistími kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálf

- a) Kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálf skal gilda í þrjú ár.
- b) Framlengja má gildistíma kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálf með því að ljúka með viðunandi árangri upprifjunarþjálfun um verklega kennslufærni og um nýjustu starfsvenjur á gildistímanum.
- c) Ef kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálf hefur fallið úr gildi er hægt að endurnýja hana með því að:
 - 1) gangast undir upprifjunarþjálfun um verklega kennslufærni og nýjustu starfsvenjur og
 - 2) standast hæfnimat sem kennari í verklegum greinum, með viðunandi árangri;innan næstliðins árs áður en sótt er um endurnýjun.
- d) Ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálf hefjast eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi sem matinu lauk með viðunandi árangri.

2. ÞÁTTUR

Matsmenn

ATCO.C.045 Réttindi matsmanns

- a) Einstaklingur skal aðeins annast mat ef hann hefur viðbótaráritun fyrir matsmann.
- b) Handhöfum viðbótaráritunar fyrir matsmann er heimilt að annast mat:
 - 1) á meðan grunnþjálfun fer fram vegna útgáfu skirteinis flugumferðarstjóranema eða vegna útgáfu nýrrar áritunar og/eða viðbótaráritunar, ef við á,
 - 2) á fyrri hæfni að því er varðar d-lið ATCO.B.001 og b-lið ATCO.B.010,
 - 3) á flugumferðarstjóranemum vegna útgáfu deildarviðbótaráritunar og viðbótaráritana, ef við á,
 - 4) á flugumferðarstjórum vegna útgáfu deildarviðbótaráritunar og viðbótaráritana, ef við á, ásamt mati vegna framlengingar á gildistíma og endurnýjunar deildarviðbótaráritunar,
 - 5) á umsækjanda, sem sækir um að vera kennari í verklegum greinum eða matsmaður, þegar tryggt er að kröfum 2.–4. liðar d-liðar sé fullnægt.
- c) Handhafar viðbótaráritunar matsmanns skulu aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar ef þeir hafa:
 - 1) a.m.k. tveggja ára reynslu í árituninni og viðbótaráritun eða -áritunum, sem þeir munu meta, og
 - 2) sýnt fram á þekkingu á nýjustu starfsvenjum.
- d) Til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í c-lið, skulu handhafar viðbótaráritunar matsmanns aðeins neyta réttinda viðbótaráritunarinnar:
 - 1) vegna mats sem leiðir til útgáfu, framlengingar á gildistíma og endurnýjunar deildarviðbótaráritunar, ef þeir eru einnig handhafar deildarviðbótaráritunar sem tengist matinu á næstliðnu tímabili, sem er a.m.k. eitt ár,
 - 2) til að meta hæfni umsækjanda um útgáfu eða endurnýjun kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfara ef þeir hafa kennaraviðbótaráritun fyrir flugþjálfara eða viðbótaráritun starfsþjálfara á vinnustað og hafa neytt réttinda þeirrar viðbótaráritunar í a.m.k. þrjú ár,
 - 3) til að meta hæfni umsækjanda um útgáfu eða endurnýjun viðbótaráritunar fyrir starfsþjálfara á vinnustað ef þeir hafa viðbótaráritun fyrir starfsþjálfara á vinnustað og hafa neytt réttinda þeirrar viðbótaráritunar í a.m.k. þrjú ár,
 - 4) til að meta hæfni umsækjanda um útgáfu eða endurnýjun viðbótaráritunar fyrir matsmann ef þeir hafa neytt réttinda viðbótaráritunar fyrir matsmann í a.m.k. þrjú ár.
- e) Við mat, að því er varðar útgáfu og endurnýjun deildarviðbótaráritunar, og til að tryggja eftirlit með starfrækslu á vinnustöð skal matsmaðurinn einnig hafa viðbótaráritun fyrir starfsþjálfara á vinnustað eða að öðrum kosti skal starfsþjálfari á vinnustað með gilda deildarviðbótaráritun, sem tengist matinu, vera viðstaddur.

ATCO.C.050 Eiginhagsmunir

Matsmenn skulu ekki framkvæma mat ef ekki er öruggt að þeir geti verið hlutlausir.

ATCO.C.055 Umsókn um viðbótaráritun matsmanns

Umsækjendur um útgáfu viðbótaráritun fyrir matsmann skulu:

- a) hafa neytt réttinda skirteinis flugumferðarstjóra í a.m.k. tvö ár og
- b) hafa lokið með viðunandi árangri námskeiði matsmanns innan næstliðins árs áður en umsóknin er lögð fram, þar sem nauðsynleg þekking og færni er kennd með bóklegum og verklegum aðferðum og metin á viðeigandi hátt.

ATCO.C.060 Gildistími viðbótaráritunar fyrir matsmann

- a) Viðbótaráritun fyrir matsmann skal gilda í þrjú ár.
- b) Framlengja má gildistíma viðbótaráritunar fyrir matsmann með því að ljúka, með viðunandi árangri, upprifjunarþjálfun um matsfærni og nýjustu starfsvenjur á gildistímanum.
- c) Ef viðbótaráritun fyrir matsmann hefur fallið úr gildi er hægt að endurnýja hana með því að:
 - 1) gangast undir upprifjunarþjálfun um matsfærni og nýjustu starfsvenjur og
 - 2) standast hæfnimat sem matsmaður með viðunandi árangriinnan næstliðins árs áður en sótt er um endurnýjun.
- d) Ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun skal gildistími viðbótaráritunar fyrir matsmann hefjast eigi síðar en 30 dögum frá þeim degi sem matinu var lokið með viðunandi árangri.

ATCO.C.065 Bráðabirgðastarfsleyfi fyrir matsmann

- a) Ef ekki er mögulegt að uppfylla kröfurnar, sem kveðið er á um í 1. mgr. d-liðar ATCO.C.045, getur lögbært yfirvald heimilað handhöfum viðbótaráritunar fyrir matsmann, sem er gefin út í samræmi við ATCO.C.055 að framkvæma matið, sem um getur í 3. og 4. mgr. b-liðar ATCO.C.045, í sérstökum undantekningartilvikum eða til að tryggja óhæði matsins, að því tilskildu að kröfunum, sem settar eru fram í b- og c-lið, sé fullnægt.
- b) Ef um sérstök undantekningartilvik er að ræða skal handhafi viðbótaráritunar fyrir matsmann einnig hafa deildarviðbótaráritun með tengdri áritun og, ef við á, viðbótaráritun sem tengist matinu á næstliðnu tímabili sem er a.m.k. eitt ár. Starfsleyfið skal takmarkast við það mat sem er nauðsynlegt í sérstökum undantekningartilvikum og það skal ekki gilda lengur en í eitt ár eða ekki lengur en sem nemur gildistíma viðbótaráritunar matsmanns, sem er gefin út í samræmi við ATCO.C.055, hvort sem gerist fyrr.
- c) Í þeim tilgangi að tryggja óhæði matsins, ef um er að ræða endurtekin tilvik, skal handhafi viðbótaráritunar fyrir matsmann einnig hafa deildarviðbótaráritun með tengdri áritun og, ef við á, viðbótaráritun, sem tengist matinu á næstliðnu tímabili, sem er a.m.k. eitt ár. Lögbært yfirvald skal ákveða gildistíma starfsleyfisins en hann skal ekki vera lengri en gildistími viðbótaráritunar fyrir matsmann sem gefin er út í samræmi við ATCO.C.055.
- d) Vegna útgáfu tímabundins starfsleyfis fyrir matsmann, af ástæðunum sem um getur í b- og c-lið, getur lögbært yfirvald farið fram á að veitandi flugleiðsöguþjónustu leggi fram öryggisgreiningu.

D-KAFLI

ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur**ATCO.D.001 Markmið þjálfunar flugumferðarstjóra**

Þjálfun flugumferðarstjóra skal ná yfir öll fræðileg námskeið, verklegar æfingar, þ.m.t. þjálfun í hermi og starfsþjálfun á vinnustað, sem er nauðsynleg til að öðlast og viðhalda fagþekkingu til að unnt sé að viðhafa örugga, skipulega og hraða flugstjórnarþjónustu.

ATCO.D.005 Tegundir þjálfunar flugumferðarstjóra

- a) Þjálfun flugumferðarstjóra skal samanstanda af eftirfarandi tegundum:
 - 1) grunnþjálfun, sem leiðir til útgáfu skirteinis flugumferðarstjóranema eða útgáfu frekari áritunar og viðbótaráritunar, ef við á, sem tekur til:
 - i. „undirstöðupþjálfunar“: bókleg og verkleg þjálfun, sem ætlað er að miðla grundvallarþekkingu og verklegri færni sem tengist grundvallarverklaagsreglum,
 - ii. „réttindapþjálfunar“: bókleg og verkleg þjálfun, sem ætlað er að miðla þekkingu og verklegri færni sem tengist tilgreindri áritun og viðbótaráritun, ef við á,

- 2) deildarþjálfun, sem leiðir til útgáfu skirteinis flugumferðarstjóra, útgáfu viðbótaráritunar, fullgildingar áritunar/áritana eða viðbótaráritunar/viðbótaráritana og/eða útgáfu eða endurnýjunar deildarviðbótaráritunar. Hún samanstendur af eftirfarandi áföngum:
 - i. áfanga um millistigsþjálfun, sem er fyrst og fremst ætlað að miðla þekkingu og skilningi á staðarsértækum verklagsreglum og þáttum tengdum tilteknum verkefnum og
 - ii. áfanga um starfsþjálfun á vinnustað, sem er lokaáfangi deildarþjálfunar þegar starfsvenjur og færni, sem áður hefur verið aflað, eru í reynd samþættar leiðsögn starfsþjálfara á vinnustað, sem hefur tilskilin starfsréttindi, við raunaðstæður í flugumferð,
 - iii. til viðbótar við i. og ii. lið, að því er varðar deildarviðbótaráritun eða deildarviðbótaráritanir, þar sem nauðsynlegt er að takast á við flóknar aðstæður þar sem umferð er mikil, er nauðsynlegt að undirbúa áfanga um starfsþjálfun á vinnustað fyrir fram til að bæta fyrirfram áunnar venjur og færni, sem tengjast áritunum, og til að undirbúa nemandann fyrir aðstæður þar sem um er að ræða raunverulega flugumferð sem þessi deild getur þurft að takast á við,
- 3) síþjálfun sem ætlað er að halda viðbótaráritunum skirteina í gildi og sem samanstendur af:
 - i. upprifjunarþjálfun,
 - ii. umskiptaþjálfun, þegar við á.
- b) Til viðbótar við þær tegundir þjálfunar sem um getur í a-lið geta flugumferðarstjórar lokið eftirfarandi tegundum þjálfunar:
 - 1) þjálfun fyrir kennara í verklegum greinum, sem leiðir til útgáfu, framlengingar á gildistíma eða endurnýjunar viðbótaráritunar fyrir starfsþjálfara á vinnustað eða kennaraviðbótaráritunar fyrir flugþjálfara,
 - 2) þjálfun matsmanns sem leiðir til útgáfu, framlengingar gildistíma eða endurnýjunar viðbótaráritunar fyrir matsmann.

2. ÞÁTTUR

Kröfur um grunnþjálfun

ATCO.D.010 Samsetning grunnþjálfunar

- a) Grunnþjálfun, sem ætluð er umsækjanda um skirteini flugumferðarstjóranema eða um útgáfu frekari áritunar og/eða viðbótaráritunar, ef við á, skal samstanda af:
 - 1) undirstöðupþjálfun, sem felur í sér öll viðfangsefni, efnin og undirefni, sem er að finna í 2. viðbæti I. viðauka, og
 - 2) réttindaþjálfun, sem felur í sér a.m.k. eitt eftirfarandi viðfangsefni, efni og undirefni:
 - i. áritun fyrir flugstjórnarþjónustu veitt flugvallarumferð í sjónflugi (ADV), sem skilgreind er í 3. viðbæti I. viðauka,
 - ii. áritun fyrir flugstjórnarþjónustu í flugturni veitt flugvallarumferð í blindflugi (TWR), sem skilgreind er í 4. viðbæti I. viðauka,
 - iii. áritun fyrir huglæga aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (APP), sem skilgreind er í 5. viðbæti I. viðauka,
 - iv. áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (ACP), sem skilgreind er í 6. viðbæti I. viðauka,
 - v. áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (APS), sem skilgreind er í 7. viðbæti I. viðauka,
 - vi. áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (ACS), sem skilgreind er í 8. viðbæti I. viðauka.
- b) Þjálfun vegna frekari réttinda skal fela í sér viðfangsefni, efnin og undirefni, sem eiga við um a.m.k. eina af áritunum sem ákvörðuð er í 2. lið a-liðar.

- c) Þjálfun vegna endurvirkjunar áritunar í kjölfar ófullnægjandi mats á fyrri hæfni, samkvæmt b-lið ATCO.B.010, skal sérsniðin í samræmi við niðurstöður þessa mats.
- d) Þjálfun vegna annarrar viðbótaráritunar en í 3. lið a-liðar ATCO.B.015 skal fela í sér viðfangsefnin, efnin og undirefnin sem þjálfunarfyrirtækið hefur þróað og sem hafa verið samþykkt sem hluti af þjálfunarnámskeiðinu.
- e) Til viðbótar við undirstöðuþjálfun og/eða réttindaþjálfun má bæta við viðfangsefnum, efnum og undirefnum sem eru sértæk fyrir starfræna loftrýmisumdæmið eða landsbundnar aðstæður.

ATCO.D.015 Grunnþjálfunaráætlun

Þjálfunarfyrirtækið skal gera grunnþjálfunaráætlun og skal lögbært yfirvald samþykkja hana. Hún skal a.m.k. fela í sér:

- a) samsetningu grunnþjálfunarnámskeiðs sem veitt er í samræmi við ATCO.D.010,
- b) skipulag grunnþjálfunarnámskeiðs sem veitt er í samræmi við b-lið ATCO.D.020,
- c) ferli við framkvæmd grunnþjálfunarnámskeiðs eða -námskeiða,
- d) þjálfunaraðferðir,
- e) lágmarks- og hámarks lengd grunnþjálfunarnámskeiðs- eða -námskeiða,
- f) að því er varðar b-lið ATCO.D.010, ferli við aðlögun grunnþjálfunarnámskeiðs- eða námskeiða til að taka tilhlýðilegt tillit til undirstöðuþjálfunarnámskeiðs sem viðkomandi hefur lokið við með fullnægjandi árangri,
- g) ferli fyrir próf og mat samkvæmt ATCO.D.025 og ATCO.D.035 ásamt frammistöðumarkmiðum samkvæmt ATCO.D.030 og ATCO.D.040,
- h) starfsréttindi starfsfólks við þjálfun, hlutverk þess og ábyrgð,
- i) ferli við stöðvun þjálfunar áður en henni lýkur,
- j) áfrýjunarferli,
- k) auðkenningu þeirra skráa sem á að geyma og varða sérstaklega grunnþjálfun,
- l) ferli og ástæður fyrir endurskoðun og breytingu á grunnþjálfunaráætlun og framlagning hennar fyrir lögbært yfirvald. Endurskoða skal grunnþjálfunaráætlun á a.m.k. þriggja ára fresti.

ATCO.D.020 Undirstöðu- og réttindaþjálfunarnámskeið

- a) Boðið skal upp á undirstöðu- og réttindaþjálfunarnámskeið sem aðskilin eða samþætt námskeið.
- b) Þjálfunarfyrirtæki skulu þróa og bjóða upp á undirstöðu- og réttindaþjálfunarnámskeið eða samþætt grunnþjálfunarnámskeið og skal lögbært yfirvald samþykkja það.
- c) Þegar boðið er upp á grunnþjálfun sem samþætt námskeið skal aðgreina með skýrum hætti á milli prófa og mats að því er varðar:
 - 1) undirstöðuþjálfun og
 - 2) hverja réttindaþjálfun.
- d) Sýna skal fram á með vottorði, sem þjálfunarfyrirtækið gefur út, að grunnþjálfun eða réttindaþjálfun, að því er varðar útgáfu viðbótaréttinda, hafi verið lokið með viðunandi árangri.
- e) Sýna skal fram á með vottorði, sem þjálfunarfyrirtækið gefur út að ósk umsækjanda, að undirstöðuþjálfun hafi verið lokið með viðunandi árangri.

ATCO.D.025 Próf og mat í tengslum við undirstöðupjálfun

- a) Bókleg próf og mat skulu vera hluti af undirstöðupjálfunarnámskeiðum.
- b) Umsækjandi telst hafa staðist bóklegt próf ef hann nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið.
- c) Framkvæma skal mat á frammistöðumarkmiðunum, sem talin eru upp í ATCO.D.030, á verkhlutapjálfara eða hermi.
- d) Umsækjandi telst hafa staðist mat ef hann hefur stöðugt sýnt fram á tilskilda frammistöðu, eins og lýst er í ATCO.D.030, og sýnt af sér það atferli sem krafist er fyrir örugga starfrækslu innan flugstjórnarþjónustunnar.

ATCO.D.030 Frammistöðumarkmið undirstöðupjálfunar

Matið skal fela í sér úttekt á eftirfarandi frammistöðumarkmiðum:

- a) að hafa eftirlit með vinnustöðvarbúnaði og notkun hans,
- b) að þróa og viðhalda næmi á aðstæður með því að vakta umferð og auðkenna loftför, þegar við á,
- c) að vakta og uppfæra birtingu fluggagna,
- d) að hafa ávallt hlustvörð á viðeigandi tíðni,
- e) að gefa út viðeigandi heimildir, leiðbeiningar og upplýsingar um umferð,
- f) að nota viðurkennt orðfæri,
- g) að nota skilvirk samskipti,
- h) að beita aðskilnaði,
- i) að beita nauðsynlegri samræmingu,
- j) að nota verklagsreglurnar, sem mælt er fyrir um, þegar líkt er eftir loftrými,
- k) að greina mögulega árekstra á milli loftfara,
- l) að geta forgangsraðað aðgerðum,
- m) að velja viðeigandi aðskilnaðaraðferðir.

ATCO.D.035 Próf og mat í tengslum við réttindapjálfun

- a) Bókleg próf og mat skulu vera hluti af réttindapjálfunarnámskeiðum.
- b) Umsækjandi telst hafa staðist bóklegt próf ef hann nær a.m.k. 75% af þeim stigum sem gefin eru fyrir prófið.
- c) Matið skal byggjast á frammistöðumarkmiðum réttindapjálfunar sem lýst er í ATCO.D.040.
- d) Matið skal fara fram í hermi.
- e) Umsækjandi telst hafa staðist mat ef hann hefur stöðugt sýnt fram á tilskilda frammistöðu, eins og lýst er í ATCO.D.040, og sýnt af sér það atferli sem krafist er fyrir örugga starfrækslu innan flugstjórnarþjónustunnar.

ATCO.D.040 Frammistöðumarkmið réttindapjálfunar

- a) Skilgreina skal frammistöðumarkmið réttindapjálfunar og verkefni vegna frammistöðumarkmiða fyrir hvert réttindapjálfunarnámskeið.
- b) Í frammistöðumarkmiðum réttindapjálfunar er þess krafist að umsækjandi:
- 1) sýni fram á getu til að stjórna flugumferð þannig að tryggð sé örugg, skipulögð og hröð þjónusta og
 - 2) geti tekist á við flóknar aðstæður og aðstæður þar sem flugumferð er mikil.
- c) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindapjálfunar að því er varðar áritun fyrir flugstjórnarþjónustu veitt flugvallarumferð í sjónflugi (ADV) og áritun fyrir flugstjórnarþjónustu veitt flugvallarumferð í blindflugi (ADI) tryggja að umsækjendur:
- 1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds flugvallarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og
 - 2) beiti stjórnunartækni og verklagsreglum flugvallar á flugumferð á flugvelli.
- d) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindapjálfunar að því er varðar áritun fyrir huglæga aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar tryggja að umsækjendur:
- 1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds aðflugsstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og
 - 2) beiti aðflugsstjórnarverklagi, áætlanagerð og verklagsreglum í tengslum við komuflug, biðflug, brottflug og gegnumferð.
- e) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindapjálfunar að því er varðar áritun fyrir aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði tryggja að umsækjendur:
- 1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds aðflugsstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og
 - 2) beiti aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði, áætlanagerð og verklagsreglum í tengslum við komuflug, biðflug, brottflug og gegnumferð.
- f) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindapjálfunar að því er varðar áritun fyrir huglæga svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar tryggja að umsækjendur:
- 1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds flugstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og
 - 2) beiti aðflugsstjórnarverklagi, áætlanagerð og verklagsreglum á flugumferð svæðis.
- g) Til viðbótar við b-lið skulu frammistöðumarkmið réttindapjálfunar að því er varðar áritun fyrir svæðisstjórnun með kögunarbúnaði tryggja að umsækjendur:
- 1) stýri vinnuálagi og veiti flugumferðarþjónustu innan skilgreinds flugstjórnarsvæðis, sem þeir bera ábyrgð á, og
 - 2) beiti svæðisstjórnun með kögunarbúnaði, áætlanagerð og verklagsreglum á flugumferð svæðis.

3. ÞÁTTUR**Kröfur um deildarþjálfun****ATCO.D.045 Samsetning deildarþjálfunar**

- a) Deildarþjálfun skal samstanda af þjálfunarnámskeiði eða -námskeiðum fyrir hverja deildarviðbótaráritun, sem er ákvörðuð á vegum flugstjórnardeildar eins og skilgreint er í þjálfunaráætlun deildar.
- b) Þjálfunarfyrirtæki skulu þróa og halda eitt eða fleiri námskeið um deildarviðbótaráritun, samkvæmt ATCO.D.060, og lögbært yfirvald skal samþykkja þau.

- c) Í deildarþjálfun skal felast þjálfun í:
- 1) verklagsreglum,
 - 2) þáttum sem tengjast tilteknum verkefnum,
 - 3) óeðlilegu ástandi og neyðarástandi og
 - 4) mannlegum þáttum.

ATCO.D.050 Forsendur deildarþjálfunar

Aðeins einstaklingar, sem eru handhafar eftirfarandi skirteina, mega hefja deildarþjálfun:

- a) skirteini flugumferðarstjórnema með viðeigandi áritun og viðbótaráritun, ef við á, eða
 - b) skirteini flugumferðarstjóra með viðeigandi áritun og viðbótaráritun ef við á,
- að því tilskildu að kröfurnar í d-lið ATCO.B.001 og b-lið ATCO.B.010 séu uppfylltar.

ATCO.D.055 Deildarþjálfunaráætlun

- a) Þjálfunarfyrirtæki skal gera deildarþjálfunaráætlun fyrir hverja flugstjórnardeild og skal lögbært yfirvald samþykka hana.
- 2) fundi sem boðaðir eru á milli stjórnenda þjálfunarfyrirtækisins og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um mikilvæg atriði.
- c) Að því er varðar fyrirtæki, sem lögbæra yfirvaldið hefur vottað, skal nota eftirlitslotu sem er ekki lengri en 24 mánuðir.

Stytta má eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.

Eftirlitslotuna má framlengja að hámarki í 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á síðastliðnum 24 mánuðum komist að raun um:

- 1) að fyrirtækið hafi með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum og
- 2) að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á, samkvæmt ATCO.OR.B.015, að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum og
- 3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út og
- 4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í ATCO.ARE.015, hefur samþykkt eða framlengt.

Eftirlitslotu má framlengja aftur um að hámarki 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við framangreind atriði, komið á fót og lögbæra yfirvaldið samþykkt skilvirkt kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs.

- d) Eftirlitsáætlunin fyrir þjálfunarfyrirtæki skal fela í sér að fylgst er með gæðum þjálfunar, þ.m.t. úrtakskönnun á þjálfun, ef við á.
- e) Fyrir handhafa skírteinis, áritunar eða viðbótaráritunar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út, felur eftirlitsáætlunin í sér skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, ef við á.

ATCO.ARC.010 Frávik og framfylgdarráðstafanir fyrir starfsfólk

- a) Ef lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti í samræmi við ATCO.ARC.001, finnur visbendingar um, við eftirlit eða með öðrum hætti, að handhafi skírteinis, sem gefið er út í samræmi við þessa reglugerð, fari ekki að viðeigandi kröfum, skal lögbæra yfirvaldið vekja máls á viðkomandi frávik, skrá það og gera handhafa skírteinisins kunnugt um það með skriflegum hætti ásamt því að tilkynna þjálfunarfyrirtækinu, sem viðkomandi starfar hjá, um frávik, ef við á.
- b) Þegar lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á frávikinu, er lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á útgáfu skírteinisins:
 - 1) má það ógilda tímabundið eða afturkalla skírteinið, áritunina eða viðbótaráritunina, eftir því sem við á, ef það hefur greint öryggisvanda og
 - 2) skal það grípa til frekari framfylgdarráðstafana sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir áframhaldandi vanefndir.
- c) Ef lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á frávikinu, er ekki lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á útgáfu skírteinisins, skal það upplýsa lögbæra yfirvaldið sem gaf út skírteinið. Í slíku tilviki skal lögbæra yfirvaldið, sem gaf út skírteinið, grípa til aðgerða í samræmi við b-lið og upplýsa lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á frávikinu, um það.

D-KAFLI

ÚTGÁFA, FRAMLENGING, ENDURNÝJUN, TÍMABUNDIN ÓGILDING OG AFTURKÖLLUN SKÍRTEINA, ÁRITANA OG VIÐBÓTARÁRITANA

ATCO.AR.D.001 Verklag fyrir útgáfu, framlengingu og endurnýjun skírteina, áritana, viðbótaráritana og heimilda

- a) Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur um umsókn, útgáfu og skipti á skírteinum, útgáfu áritana og viðbótaráritana og framlengingu og endurnýjun viðbótaráritana. Þessar verklagsreglur geta tekið til:
 - 1) útgáfu bráðabirgðastarfsleyfis starfsþjálfara á vinnustað og bráðabirgðastarfsleyfis matsmanns og
 - 2) ef við á, starfsleyfis matsmanns til að framlengja og endurnýja deildarviðbótaráritanir, en í slíkum tilvikum skulu matsmenn leggja fyrir lögbæra yfirvaldið allar skrár, skýrslur og aðrar upplýsingar, eins og skilgreint er í slíkum verklagsreglum.

- b) Við móttöku umsóknar og, ef við á, allra fylgiskjala, skal lögbært yfirvald sannprófa að umsóknin sé fullnægjandi og hvort umsækjandinn uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka.
- c) Ef umsækjandinn uppfyllir viðeigandi kröfur skal lögbært yfirvald gefa út, framlengja eða endurnýja, eftir því sem við á, viðkomandi skírteini, áritun/áritanir og viðbótaráritun/viðbótaráritanir og nota til þess eyðublað fyrir skírteini samkvæmt 1. viðbæti II. viðauka. Gefa skal út bráðabirgðastarfsleyfi starfsþjálfara á vinnustað, sem um getur í ATCO.C.025 og bráðabirgðastarfsleyfi matsmanns, sem um getur í ATCO.C.065, sem sérstök skjöl þar sem tilgreina skal réttindi handhafa ásamt gildistíma starfsleyfisins.
- d) Í þeim tilgangi að draga úr óþarfa stjórnsýslubyrði má lögbært yfirvald setja verklagsreglur um að setja megi sama gildistímann fyrir margar viðbótaráritanir. Í öllu falli skal ekki framlengja gildistíma viðkomandi viðbótaráritana.
- e) Lögbært yfirvald skal skipta út skírteini flugumferðarstjóra, ef nauðsyn krefur, af stjórnsýslulegum ástæðum og ef reiturinn í lið (XIIa) hefur verið fylltur út og ekki er meira pláss fyrir hendi. Flytja skal dagsetningu fyrstu útgáfu áritana og viðbótaráritana yfir á nýja skírteinið.

ATCO.AR.D.005 Afturköllun og tímabundin ógilding skírteina, áritana og viðbótaráritana

- a) Að því er varðar ATCO.A.020 skal lögbært yfirvald ákvarða stjórnsýslumeðferð vegna tímabundinnar ógildingar og afturköllunar skírteina, áritana og viðbótaráritana.
- b) Lögbært yfirvald má ógilda skírteinið tímabundið ef um er að ræða tímabundna vanhæfni til starfa, sem ekki hefur verið ráðin bót á, samkvæmt verklagsreglunum sem um getur í e-lið ATCO.A.015.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini, áritun eða viðbótaráritun í samræmi við ATCO.AR.C.010, einkum við eftirfarandi aðstæður:
 - 1) ef réttinda skírteinisins er neytt þegar handhafi skírteinisins uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur í þessari reglugerð,
 - 2) ef skírteini, áritun, viðbótaráritun eða vottorð flugumferðarstjóranema eða flugumferðarstjóra er fengið með því að leggja fram fölsuð gögn,
 - 3) ef skrár yfir skírteini eða vottorð eru falsaðar,
 - 4) ef réttinda skírteinis, áritunar/áritana eða viðbótaráritunar/viðbótaráritana er neytt undir áhrifum geðvirkra efna.
- d) Ef um er að ræða tímabundna ógildinguna eða afturköllun skírteina, áritana og viðbótaráritana skal lögbært yfirvald tilkynna handhafi skírteinisins skriflega um þessa ákvörðun og um rétt viðkomandi til áfrýjunar í samræmi við verklagsreglurnar í 14. lið a-liðar ATCO.AR.A.010. Einnig skal tilkynna viðkomandi veitanda flugleiðsöguþjónustu um tímabundna ógildinguna eða afturköllun viðbótaráritunar matsmanns.
- e) Lögbæra yfirvaldið skal einnig ógilda tímabundið eða afturkalla skírteini, áritun eða viðbótaráritun við skriflega beiðni handhafa skírteinisins.

E-KAFLI

VERKLAGSREGLUR UM VOTTUN FYRIRTÆKJA, SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA, OG SAMÞYKKI ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐA

ATCO.ARE.001 Verklagsreglur um umsóknar- og vottunarferli þjálfunarfyrrtækja

- a) Við móttöku umsóknar um útgáfu vottorðs þjálfunarfyrrtækis skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að þjálfunarfyrrtækið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í III. viðauka.
- b) Ef þjálfunarfyrrtækið, sem er umsóknaraðili, uppfyllir viðeigandi kröfur skal lögbæra yfirvaldið gefa út vottorð með því að nota eyðublaðið í 2. viðbæti II. viðauka.
- c) Til að gera fyrrtæki kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds í samræmi við ATCO.OR.B.015 og c-lið ATCO.AR.E.010 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja verklagið, sem þjálfunarfyrrtækið leggur fram, þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig slíkum breytingum verður hagað og þær tilkynntar.

ATCO.ARE.005 Samþykki þjálfunarnámskeiða og þjálfunaráætlna

- a) Lögbært yfirvald skal samþykkja þjálfunarnámskeið og þjálfunaráætlanir sem gerðar eru í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í ATCO.OR.D.001.
- b) Í kjölfar þess að skipt er um leyfi samkvæmt ATCO.A.010 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja eða synja námskeiði um deildarviðbótaráritun í samræmi við b- og c-lið ATCO.B.020 eigi síðar en sex vikum eftir að umsókn um samþykki námskeiðsins er lögð fram og tryggja að meginreglan um bann við mismunun og meðalhófsreglan séu hafðar að leiðarljósi.

ATCO.ARE.010 Breytingar á þjálfunarfyrirtækjum

- a) Við móttöku umsóknar um breytingu, sem krefst fyrirframsamþykkis í samræmi við ATCO.OR.B.015, skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að þjálfunarfyrirtækið uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í III. viðauka, áður en samþykki er gefið út.

Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja við hvaða skilyrði fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að ekki sé unnt að innleiða breytingarnar.

Þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um að þjálfunarfyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það samþykkja breytinguna.

- b) Án þess að það hafi áhrif á aðrar framfylgdarráðstafanir í samræmi við ATCO.ARE.015 skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða ef fyrirtækið gerir breytingar sem krefjast fyrirframsamþykkis án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins eins og skilgreint er í a-lið.
- c) Að því er varðar breytingar sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið samþykkja verklagsreglur sem þjálfunarfyrirtækið semur, í samræmi við ATCO.OR.B.015, þar sem umfang slíkra breytinga er ákvarðað ásamt stjórnunar- og tilkynningakerfi fyrirtækisins. Í samfelldu eftirlitsferli skal lögbæra yfirvaldið meta upplýsingarnar í tilkynningunni til að sannprófa hvort aðgerðir, sem gripið er til, samrýmist samþykktu verklaginu og viðeigandi kröfum.

ATCO.ARE.015 Frávik og aðgerðir til úrbóta

- a) Lögbæra yfirvaldið skal búa yfir kerfi til að greina frávik vegna öryggissjónarmiða.
- b) Lögbært yfirvald gefur út fyrsta stigs frávik þegar veruleg frávik eru frá viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð, frá verklagsreglum og handbókum þjálfunarfyrirtækisins, frá tegund eða tegundum þjálfunar og/eða þjónustu eða frá ákvæðum vottorðs eða vottorð, sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í alvarlega hættu og/eða leiðir til þess að þjálfunin, sem veitt er, skerðist umtalsvert.

Fyrsta stigs frávik skal fela í sér en ekki takmarkast við eftirfarandi:

- 1) lögbæra yfirvaldinu er ekki veittur aðgangur að aðstöðu þjálfunarfyrirtækisins, eins og skilgreint er í ATCO.OR.B.025, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,
 - 2) vottorð þjálfunarfyrirtækisins er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skjöl,
 - 3) sannanir um misferli eða sviksamlega notkun vottorðs þjálfunarfyrirtækis og
 - 4) þegar það er enginn ábyrgðarmaður.
- c) Lögbært yfirvald skal gefa út annars stigs frávik þegar frávik eru frá viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð, frá verklagsreglum og handbókum þjálfunarfyrirtækisins, frá tegund eða tegundum þjálfunar og/eða þjónustu eða frá ákvæðum vottorðs, sem gæti dregið úr öryggi eða stofnað flugöryggi í hættu og/eða leitt til skerðingar á þjálfuninni.
 - d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um hvers konar viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð, senda þjálfunarfyrirtækinu skriflega ábendingu um frávik og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim frávikum sem komu í ljós.

- 1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi, og ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fráviksins, þar til þjálfunarfyrtækinu hefur tekist að gera aðgerðir til úrbóta með fullnægjandi hætti.
 - 2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:
 - i. veita þjálfunarfyrtækinu frest til að framkvæma aðgerðir til úrbóta, sem eru tilgreindar í aðgerðaáætlun sem er viðeigandi fyrir eðli fráviksins og
 - ii. meta aðgerðina til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem þjálfunarfyrtækið leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að ráða bót á annmörkunum.
 - 3) Ef þjálfunarfyrtæki leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða grípur ekki til aðgerðarinnar til úrbóta, innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.
- e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem það hefur vakið máls á, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem aðgerð vegna fráviks er lokið.

F-KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI FLUGHEILBRIGÐISVOTTORÐ

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

ATCO.AR.F.001 Fluglæknasetur og flugheilbrigðisvottorð

Lögbært yfirvald skal beita eftirfarandi ákvæðum VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 (áhafnarreglugerðin) ⁽⁷⁾, með fyrirvara um A-, B- og C-kafla, að því er varðar fluglæknasetur og flugheilbrigðisvottorð, að undanskildum öllum tilvísunum í starfandi heimilislækna:

- ARA.GEN-kafli
- ARA.AeMC-kafli
- ARA.MED.120 Læknisfræðilegir sérfræðingar
- ARA.MED.125 Vísun til leyfisyrivalds
- ARA.MED.150 Skráahald
- ARA.MED.200 Verklagsreglur vegna útgáfu, framlengingar, endurnýjunar eða breytingar á vottorði fluglæknis
- ARA.MED.245 Samfellt eftirlit
- ARA.MED.250 Takmörkun, tímabundin ógilding eða afturköllun á vottorði fluglæknis
- ARA.MED.255 Framfylgdarráðstafanir,
- ARA.MED.315 Endurskoðun skoðunarskýrslna og
- ARA.MED.325 Verklagsreglur við endurskoðun.

⁽⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

2. ÞÁTTUR

*Skjöl***ATCO.AR.F.005 Heilbrigðisvottorð**

Heilbrigðisvottorðið skal vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

a) Efni:

- 1) ríki þar sem skírteini flugumferðarstjóra var gefið út eða um það sótt (I),
- 2) flokkur heilbrigðisvottorðs (II),
- 3) númer vottorðs hefst á landskóða SP fyrir það ríki þar sem skírteini flugumferðarstjóra var gefið út eða um það sótt og þar á eftir kemur kóði með tölum og/eða bókstöfum með arabískum tölustöfum og latnesku lettri (III),
- 4) nafn handhafa (IV),
- 5) ríkisfang handhafa (VI),
- 6) fæðingardagur og -ár handhafa (XIV),
- 7) undirskrift handhafa (VII),
- 8) takmörkun eða takmarkanir (XIII),
- 9) dagsetning þegar 3. flokks heilbrigðisvottorð fellur úr gildi (IX):
- 10) dagsetning skoðunar,
- 11) dagsetning síðasta hjartalínurits,
- 12) dagsetning síðustu heyrnarmælingar,
- 13) útgáfudagur og undirritun fluglæknis eða læknisfræðilegs sérfræðings sem gaf út heilbrigðisvottorðið (X),
- 14) innsigli eða stimpill (XI).

b) Efni: Pappírinn eða annað efni sem notað er skal koma í veg fyrir eða sýna auðveldlega allar breytingar eða ef eitthvað hefur verið afmáð. Lögbæra yfirvaldið skal heimila með skýrum hætti allt það sem skráð er á eyðublaðið eða það sem er strikað út.

c) Tungumál: Heilbrigðisvottorð skulu rituð á þjóðtungunni og á ensku og því tungumáli sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi.

d) Allar dagsetningar á heilbrigðisvottorðinu skulu skrifaðar með sniðinu dd/mm/áááá.

ATCO.AR.F.010 Vottorð fluglæknis

Þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um að fluglæknirinn uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út, framlengja, endurnýja eða breyta fluglæknisvottorðinu og skal nota til þess eyðublaðið sem fastsett er í 3. viðbæti II. viðauka.

ATCO.AR.F.015 Vottorð fluglæknaseturs

Þegar lögbæra yfirvaldið hefur gengið úr skugga um að fluglæknasetur uppfylli viðeigandi kröfur skal það gefa út eða breyta vottorði fluglæknaseturs og skal nota til þess eyðublaðið sem fastsett er í 4. viðbæti II. viðauka.

ATCO.AR.F.020 Eyðublöð á sviði fluglæknisfræði

Lögbæra yfirvaldið skal útvega fluglæknum og fluglæknasetrum eyðublöðin sem nota skal vegna:

- a) umsóknar um heilbrigðisvottorð og
- b) skoðunarskýrslu fyrir 3. flokks umsækjendur.

*I. viðbætur II. viðauka***Eyðublað fyrir skírteini****SKÍRTEINI FLUGUMFERÐARSTJÓRA**

Skírteini flugumferðarstjóra, sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð, skulu vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

- a) Innihald. Atriðisnúmer skal alltaf prenta í tengslum við fyrirsögn atriðis. Atriði I–XI eru „föst atriði“ og atriði XII–XIV eru „breytileg“ atriði sem mega koma fram á aðskildum eða aðskiljanlegum hlutum aðaleyðublaðsins, eins og mælt er fyrir um hér á eftir. Allir aðskildir eða aðskiljanlegir hlutar skulu vera auðþekkjjanlegir sem hluti af skírteininu.

1. Föst atriði:

- I. Útgáfuríki skírteinis.
- II. Titill skírteinis.
- III. Raðnúmer skírteinisins með landakóða Sameinuðu þjóðanna (SÞ) fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „skírteini flugumferðarstjóra(-nema)“ og svo talna- og/eða bókstafakóði með arabískum tölum og latnesku lettri.
- IV. Fullt nafn skírteinishafa (með latnesku lettri, jafnvel þótt letur þjóðtungunnar sé annað).
- IVa. Fæðingardagur og -ár.
- V. Heimilisfang skírteinishafa, ef lögbært yfirvald krefst þess.
- VI. Ríkisfang skírteinishafa.
- VII. Undirskrift skírteinishafa.
- VIII. Lögbært yfirvald.
- IX. Vottorð um gildi og leyfi fyrir þeim réttindum sem veitt eru, þ.m.t. hvenær það var fyrst gefið út.
- X. Undirskrift fulltrúans, sem gefur skírteinið út, og dagsetning slíkrar útgáfu.
- XI. Innsigli eða stimpill lögbæra yfirvaldsins.

2. Breytileg atriði:

- XII. Áritanir og viðbótarritanir, ásamt síðasta gildisdegi.
 - XIII. Athugasemdir: viðbótarritanir um tungumálafærni.
 - XIV. Aðrar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um.
- b) Skírteininu skal fylgja gilt heilbrigðisvottorð, nema þegar einungis réttinda kennara fyrir flugþjálfar er neytt.
- c) Efni. Nota skal hágnæðapappír og/eða annað heppilegt efni, þ.m.t. plastkort, til að koma í veg fyrir eða sýna auðveldlega allar breytingar eða ef eitthvað hefur verið afmáð. Allt sem fært er inn á eyðublaðið eða strikað út af því skal lögbæra yfirvaldið heimila með skýrum hætti.
- d) Tungumál. Skírteini skulu rituð á ensku og, ef aðildarríkið gerir kröfu um það, á þjóðtungu eða þjóðtungum og öðrum tungumálum eins og viðeigandi telst.

Heiti lögbærs yfirvalds og merki (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður)	Kröfur ⁽¹⁾
<p style="text-align: center;">EVRÓPUSAMBANDIÐ (Aðeins enska)</p> <p style="text-align: center;">SKÍRTEINI FLUGUMFERÐARSTJÓRA(-NEMA)</p> <p>[Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður]</p> <p>Gefið út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/340</p> <p>Þetta skirteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar [Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður]</p> <p style="text-align: center;">EASA-eyðublað nr. 152, — 1. útgáfa.</p>	<p>„Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB</p> <p>Stærð hvernar blaðsíðu skal vera einn áttundi af A4</p>

⁽¹⁾ Kröfur:

Blaðsíðurnar, sem vísa til leiðbeininga um hvernig eigi að fylla út skirteini flugumferðarstjóra(-nema), eru ætlaðar til notkunar fyrir lögbæra yfirvaldið eða matsmanninn sem hefur sérstakt leyfi til að framlengja eða endurnýja deildarviðbótaráritanir. Lögbæra yfirvaldið skal alltaf færa inn fyrstu útgáfu áritana, viðbótaráritana, tungumálaviðbótaráritana, kennarviðbótaráritana og viðbótaráritana matsmanns. Lögbæra yfirvaldið eða viðurkenndir matsmenn skulu færa inn framlengingu eða endurnýjun deildarviðbótaráritana.

I	Útgáfuríki:	Kröfur:
II	Titill skírteinis:	
III	Raðnúmer skírteinis:	Raðnúmer skírteinis byrjar alltaf á landskóða SP fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „skírteini flugumferðarstjóra(-nema)“.
IV	Fullt nafn skírteinishafa:	
IVa	Fæðingardagur og -ár:	Nota skal staðlað snið dagsetninga, þ.e. dagur/mánuður/ár að fullu (t.d. 31.01.2010)
XIV	Fæðingarstaður:	
V	Heimilisfang skírteinishafa, ef lögbært yfirvald óskar þess: gata, bær, svæði, póstnúmer	
VI	Ríkisfang skírteinishafa:	Gefið upp með landskóða SP fyrir ríkið
VII	Undirskrift handhafa:	
VIII	Lögbært yfirvald:	
X	Undirskrift fulltrúans, sem gefur skírteinið út, og útgáfudagur	
XI	Innsigli eða stimpill útgáfufyrivalda	

Skammstafanir

Áritanir flugumferðarstjóra		Kröfur: á ekki við
ADV	Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð í sjónflugi (e. <i>aerodrome control visual</i>)	
ADI	Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð í blindflugi (e. <i>aerodrome control instrument</i>)	
APP	Huglæg aðflugsstjórnun án kögunarbúnaðar (e. <i>approach control procedural</i>)	
APS	Aðflugsstjórnun með kögunarbúnaði (e. <i>approach control surveillance</i>)	
ACP	Huglæg svæðisstjórnun án kögunarbúnaðar (e. <i>area control procedural</i>)	
ACS	Svæðisstjórnun með kögunarbúnaði (e. <i>area control surveillance</i>)	
Viðbótaráritanir		
AIR	Stjórnun loftfara á flugi	
GMC	Stjórnun umferðar á jörðu niðri	
TWR	Flugturnsþjónusta	
GMS	Stjórnun umferðar á jörðu niðri með kögunarbúnaði	
RAD	Ratsjárstjórnun flugvallar	
PAR	Nákvæmnisaðflugsstjórnun með ratsjá	
SRA	Aðflugsstjórnun með kögunarratsjá	
TCL	Aðflugsstjórnun	
OCN	Úthafsstjórnun	
Skírteinisáritanir		
OJTI	Starfsþjálfari á vinnustað	
STDI	Kennari á flugþjálfá	
Matsmaður	Matsmaður	

*2. viðbætur II. viðauka***VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM SÉR UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA (ATCO TO)****Evrópusambandið ⁽¹⁾****Lögbært yfirvald****VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM SÉR UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA****(NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS)**

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/340 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, staðfestir [lögbært yfirvald] hér með að

(HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS)**(HEIMILISFANG ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS)**

er þjálfunaryfirtæki sem hefur vottun í samræmi við ATCO.OR-hluta og hefur réttindi til að halda þjálfunarnámskeið í samræmi við ATCO-hluta, eins og skráð er í meðfylgjandi samþykki þjálfunar.

Skilmálar samþykkis og réttindi:

Réttindi og umfang þessa vottorðs takmarkast við það að veita þjálfun, eins og tilgreint er í meðfylgjandi samþykki þjálfunar.

Þetta vottorð er í gildi á meðan vottaða fyrirtækið uppfyllir ákvæði ATCO.OR-hluta, ATCO-hluta og annarra viðeigandi reglugerða.

Með fyrirvara um að framangreindir skilmálar samþykkis og réttinda séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað.

Útgáfudagur:

Undirskrift:

[lögbært yfirvald]

⁽¹⁾ „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB

**VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM SÉR UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA
SAMÞYKKI ÞJÁLFUNAR**

Viðhengi við vottorð fyrirtækis, sem sér um þjálfun flugumferðarstjóra, með númerið:

[NÚMER/TILVÍSUN VOTTORÐS]

(HEITI ÞJÁLFUNARFYRIRTÆKIS)

hefur öðlast réttindi til að veita og stýra eftirfarandi þjálfun í samræmi við ATCO-hluta:

TEGUNDIR ÞJÁLFUNAR			
Tegund þjálfunar	Námskeið	Viðbótaráritanir ⁽²⁾	Athugasemdir ⁽³⁾
<input type="checkbox"/> Grunnþjálfun flugumferðarstjóra	<input type="checkbox"/> Undirstöðuþjálfun	á ekki við	
	<input type="checkbox"/> Réttindaþjálfun ⁽⁴⁾		
<input type="checkbox"/> Deildarþjálfun flugumferðarstjóra ⁽⁵⁾		
<input type="checkbox"/> Síþjálfun flugumferðarstjóra	<input type="checkbox"/> Upprifjunarþjálfun flugumferðarstjóra	á ekki við	
	<input type="checkbox"/> Umskiptaþjálfun flugumferðarstjóra ⁽⁶⁾	á ekki við	
<input type="checkbox"/> Þjálfun kennara í verklegum greinum	á ekki við	á ekki við	
		á ekki við	
<input type="checkbox"/> Þjálfun matsmanns	á ekki við	á ekki við	
		á ekki við	

Þetta samþykki þjálfunarnámskeiðs er í gildi svo fremi að:

- vottorð fyrirtækis, sem sér um þjálfun flugumferðarstjóra, hafi ekki verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það takmarkað, ógilt tímabundið eða afturkallað og
- öll starfræksla sé í samræmi við ATCO.OR-hluta, ATCO-hluta, aðrar viðeigandi reglugerðir og, þegar við á, við verklagsreglur í gögnum fyrirtækisins eins og gerð er krafa um í ATCO.OR-hluta.

Útgáfudagur:

Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

Fyrir hönd aðildarríkis/Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA)

EASA-eyðublað nr. 153, — 1. útgáfa, bls. 2/2

⁽²⁾ Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina viðbótaráritanir samkvæmt ATCO.B.015, sem þjálfun er veitt fyrir, ef við á.

⁽³⁾ Ef nauðsyn krefur.

⁽⁴⁾ Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina áritanir samkvæmt ATCO.B.015, sem þjálfun er veitt fyrir.

⁽⁵⁾ Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina deildarviðbótaráritanir, sem þjálfun er veitt fyrir.

⁽⁶⁾ Ekki almenn þjálfun, þjálfun sem er veitt í sérstökum tilvikum í kjölfar sérstaks samþykkis lögbæra yfirvaldsins.

3. viðbætur II. viðauka

VOTTORÐ FLUGLÆKNA ⁽¹⁾**Evrópusambandið** ⁽²⁾**Lögbært yfirvald****VOTTORÐ FLUGLÆKNIS**

[NÚMER/TILVÍSUN] VOTTORÐS:

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/340 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, staðfestir [lögbært yfirvald] hér með að

[NAFN FLUGLÆKNIS]

[HEIMILISFANG FLUGLÆKNIS]

er fluglæknir

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við réttindin sem tilgreind eru í viðhenginu við þetta vottorð fluglæknis.
2. Í þessu vottorði er þess krafist að framkvæmdarreglum og verklagsreglum, sem tilgreindar eru í MED-hluta og/eða ATCO.MED-hluta, eins og við á, sé fylgt.
3. Þetta vottorð heldur gildi sínu í þrjú ár, til [xx/yy/yyyy ⁽³⁾], með fyrirvara um að kröfurnar í MED-hluta og/eða ATCO.MED-hluta, eins og við á, séu uppfylltar nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

.....
Útgáfudagur:.....
Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

⁽¹⁾ EASA-eyðublað nr. 148, — 1. útgáfa.

⁽²⁾ „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB.

⁽³⁾ Lokadagsetning: dagur/mánuður/ár.

VOTTORÐ FLUGLÆKNA

Viðhengi við fluglæknavottorð með númerið:

RÉTTINDI OG UMFANG

[Nafn og námstitill fluglæknis] hefur hlotið réttindi til að annast heilbrigðisskoðun og -mat vegna útgáfu heilbrigðisvottorða eins og fram kemur í töflunni hér á eftir og til að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir:

flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL),	[já/dagsetning]
2. flokkur	[já/dagsetning]
framlenging/endurnýjun 1. flokks	[já/dagsetning]/[nei]
framlenging/endurnýjun 3. flokks	[já/dagsetning]/[nei]

.....
Útgáfudagur:.....
Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

*4. viðbætur II. viðauka***VOTTORÐ FLUGLÆKNASETRA ⁽¹⁾****Evrópusambandið ⁽²⁾****Lögbært yfirvald****VOTTORÐ FLUGLÆKNASETURS**

TILVÍSUN:

Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/340 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, staðfestir [lögbært yfirvald] hér með að

[HEITI FYRIRTÆKISINS]

[HEIMILISFANG FYRIRTÆKISINS]

er fluglæknasetur með vottorð, í samræmi við ORA-hluta, með réttindi og umfang starfsemi sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við „gildissvið samþykkis“ í handbók samþykka fyrirtækisins.
2. Í þessu vottorði er þess krafist að farið sé að verklagsreglum, sem tilgreindar eru í gögnum fyrirtækisins, eins og gerð er krafa um í ORA-hluta.
3. Þetta vottorð heldur gildi sínu með fyrirvara um að farið sé að kröfunum í ORA-hluta, nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það hafi verið fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað.

.....
Útgáfudagur:

.....
Undirskrift: [Lögbært yfirvald]

⁽¹⁾ EASA-eyðublað nr. 146, — 1. útgáfa.

⁽²⁾ „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB.

*III. VIÐAUKI***ATCO.OR-HLUTI****KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA, SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA, OG FLUGLÆKNASETRA**

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR**ATCO.OR.A.001 Gildissvið**

Í þessum hluta, sem settur er fram í þessum viðauka, eru ákvarðaðar kröfur, sem gilda um fyrirtæki sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra og um fluglæknasetur, til að fá og viðhalda vottorði í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessa reglugerð.

B-KAFLI

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA**ATCO.OR.B.001 Umsókn um vottorð þjálfunarfyrirtækis**

- a) Umsóknir um vottorð þjálfunarfyrirtækis skulu lagðar tímanlega fyrir lögbæra yfirvaldið svo lögbæra yfirvaldið geti metið umsóknina. Leggja skal umsóknina fram í samræmi við verklagsreglurnar sem þetta lögbæra yfirvald setur.
- b) Þegar sótt er um vottorð í fyrsta sinn skulu umsækjendur sýna lögbæra yfirvaldinu fram á hvernig þeir ætli að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessari reglugerð.
- c) Í umsókn um vottorð þjálfunarfyrirtækis skulu vera eftirfarandi upplýsingar:
 - 1) nafn og heimilisfang umsækjanda,
 - 2) heimilisfang/heimilisföng starfsstöðva (þ.m.t., ef við á, skrá yfir flugstjórnardeildir), ef það er ekki það sama og heimilisfang umsækjandans samkvæmt a-lið.
 - 3) Nafn og samskiptaupplýsingar:
 - i. ábyrgðarmanns,
 - ii. yfirmanns þjálfunarfyrirtækis, ef hann er annar en aðilinn í i. lið,
 - iii. einstaklings/einstaklinga, sem þjálfunarfyrirtækið tilnefni sem tengiliði vegna samskipta við lögbæra yfirvaldið,
 - 4) dagsetning sem áætlað er að hefja eða breyta starfsemi,
 - 5) skrá yfir þær tegundir þjálfunar sem bjóða á upp á og a.m.k. eitt þjálfunarnámskeið úr hverri tegund þjálfunar sem fyrirhugað er að bjóða upp á,
 - 6) ábyrgðarmaður skal skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að farið verði að viðeigandi kröfum, þar sem lýsa skal yfir að þjálfunarfyrirtækið muni ávallt fara að kröfunum,
 - 7) ferli stjórnunarkerfis og
 - 8) dagsetning umsóknar.

ATCO.OR.B.005 Aðferðir til að uppfylla kröfur

- a) Fyrirtæki má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar af Flugöryggisstofnun til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessa reglugerð.
- b) Þegar fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það veita lögbæru yfirvaldi ítarlega lýsingu á þeim áður en þeim er hrint í framkvæmd. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókinni eða verklagsreglur sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.
- c) Fyrirtækið má hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttækið tilkynningu eins og lýst er í d-lið ATCO.AR.A.015.

ATCO.OR.B.010 Skilmálar fyrir samþykki vottorðs þjálfunarfyrtækis og réttindi þess

- a) Þjálfunarfyrtæki skal virða gildissvið og réttindi sem skilgreind eru í skilmálum samþykkis sem fylgir með vottorði fyrtækisins.
- b) Til að tryggja að viðeigandi kröfur í D-kafla I. viðauka (ATCO-hluta) séu uppfylltar skal aðeins veita þjálfunarfyrtæki réttindi til að bjóða upp á deildar- og síþjálfun ef það:
 - 1) er handhafi vottorðs vegna veitingar flugstjórnarþjónustu eða
 - 2) hefur komist að sérstöku samkomulagi við veitanda flugumferðarstjórnar.

ATCO.OR.B.015 Breytingar á þjálfunarfyrtæki

- a) Breytingar á fyrtækinu, sem hafa áhrif á vottorðið eða skilmála samþykkis þjálfunarfyrtækisins eða aðra þætti í stjórnunarkerfi þjálfunarfyrtækisins, sem skipta máli, krefjast fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins.
- b) Þjálfunarfyrtækin skulu komast að samkomulagi við lögbært yfirvald sitt um breytingar, sem krefjast fyrirframsamþykkis, til viðbótar við þær breytingar sem tilgreindar eru í a-lið.
- c) Fyrir allar breytingar sem þarfnast fyrirframsamþykkis, í samræmi við a- og b-lið, skal þjálfunarfyrtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út. Umsóknin skal lögð fram áður en einhverjar slíkar breytingar eiga sér stað til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum þessarar reglugerðar og að breyta, ef þörf er á, vottorði þjálfunarfyrtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja.

Þjálfunarfyrtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.

Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við ATCO.AR.E.010.

Þjálfunarfyrtækið skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið hefur mælt fyrir um meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.

- d) Tilkynna skal lögbæra yfirvaldinu um breytingar á þáttunum, sem um getur í a-lið, sem verða vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, án tafar til að hljóta nauðsynlegt samþykki.
- e) Allar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og skilgreint er í verklaginu sem lögbæra yfirvaldið samþykkir í samræmi við ATCO.AR.E.010.
- f) Þjálfunarfyrtækin skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu ef þau hætta starfsemi sinni.

ATCO.OR.B.020 Áframhaldandi gildi

- a) Vottorð þjálfunarfyrtækis skal halda gildi sínu svo fremi að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað og þjálfunarfyrtækið fari að kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessarar reglugerðar, með tilliti til ákvæðanna sem tengjast meðhöndlun frávika í samræmi við ATCO.OR.B.030.
- b) Vottorðinu skal skilað án tafar til lögbæra yfirvaldsins ef það er afturkallað eða starfsemi er hætt.

ATCO.OR.B.025 Aðgangur að aðstöðu og gögnum þjálfunarfyrtækis

Þjálfunarfyrtæki og umsækjendur um vottorð þjálfunarfyrtækis skulu veita öllum aðilum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins eða koma fram fyrir hönd þess, aðgang að athafnasvæðum, sem eru málinu viðkomandi, til að rannsaka viðeigandi skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefna lögbæra yfirvaldsins.

ATCO.OR.B.030 Frávik

Eftir móttöku tilkynninga um frávik, sem lögbæra yfirvaldið gefur út í samræmi við ATCO.AR.E.015, skal þjálfunarfyrtækið:

- a) greina frumorsök fráviksins,
- b) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta og
- c) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á innleiðingu úrbótanna, eins og það telur fullnægjandi, innan þess tíma sem samið var um við þetta yfirvald, eins og skilgreint er í ATCO.AR.E.015.

ATCO.OR.B.035 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

Þjálfunarfyrirtækið skal framkvæma allar öryggisráðstafanir, sem lögbæra yfirvaldið gefur fyrirmæli um í samræmi við 3. lið a-liðar ATCO.AR.C.001, sem varða starfsemi þjálfunarfyrirtækisins.

ATCO.OR.B.040 Tilkynning atvika

- a) Þjálfunarfyrirtæki, sem bjóða upp á starfsþjálfun á vinnustað, skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu og öðrum fyrirtækjum, sem ríki flugrekandans krefst að látin séu vita, um öll slys, alvarleg flugatvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ⁽⁸⁾ og reglugerð (ESB) nr. 376/2014, sem verða vegna þjálfunarstarfsemi þeirra.
- b) Tilkynningum skal skilað eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að þjálfunarfyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.
- c) Þar sem við á skal þjálfunarfyrirtækið gera skýrslu til eftirfylgni til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir.
- d) Tilkynningararnar, sem um getur í a-, b- og c-lið, skulu gerðar á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður og skulu innihalda allar mikilvægar upplýsingar um ástandið, sem þjálfunarfyrirtækið þekkir til, sbr. þó reglugerð (ESB) nr. 996/2010 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014.

C-KAFLI

STJÓRNUN FYRIRTÆKJA SEM SJÁ UM ÞJÁLFUN FLUGUMFERÐARSTJÓRA**ATCO.OR.C.001 Stjórnunarkerfi þjálfunarfyrirtækja**

Þjálfunarfyrirtækið skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér eftirfarandi:

- a) að skilgreina með skýrum hætti skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu, þ.m.t. að ábyrgðarmaðurinn beri beina ábyrgð á örygginu,
- b) að lýsa meginreglum fyrirtækisins með tilliti til öryggis, þ.e.a.s. öryggisstefnunni,
- c) að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi þjálfunarfyrirtækisins, mat þeirra og stjórnun á tilheyrandi áhættum, þ.m.t. aðgerðir til að draga úr áhættunni og sannprófa skilvirkni þessara aðgerða,
- d) að tryggja að starfsfólk sé ávallt þjálfað og hæft til að inna af hendi verkefni sín,
- e) gögn yfir öll lykilverfi stjórnunarkerfisins, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,
- f) aðgerð til að hafa eftirlit með því að fyrirtækið fari að viðeigandi kröfum; samræmisefirlit skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis til ábyrgðarmanns til að tryggja skilvirka framkvæmd nauðsynlegra úrbóta,
- g) stjórnunarkerfið skal vera í réttu hlutfalli við stærð fyrirtækisins og starfsemi þess, að teknu tilliti til hættu og tilheyrandi áhættu sem fylgja þessari starfsemi.

ATCO.OR.C.005 Útvistuð starfsemi

- a) Þjálfunarfyrirtækið skal tryggja að þegar einhver hluti starfsemi þess er útvistaður eða aðkeyptur þá uppfylli útvistaða eða aðkeypta starfsemin eða hluti hennar viðeigandi kröfur.
- b) Þegar þjálfunarfyrirtæki útvistar einhverjum hluta starfsemi sinnar til annars fyrirtækis, sem er ekki vottað í samræmi við þessa reglugerð til að sinna slíkrri starfsemi, skal fyrirtækið, sem samið er við, starfa samkvæmt skilmálum samþykkisins sem felst í vottorðinu, sem gefið er út til handa þjálfunarfyrirtækinu sem stendur að samningnum. Þjálfunarfyrirtækið, sem stendur að samningnum, skal tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu, sem samið er við, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur séu áfram uppfylltar.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 frá 20. október 2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningsslugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35).

ATCO.OR.C.010 Kröfur sem gerðar eru til starfsfólks

- a) Þjálfunarfyrirtæki skulu skipa ábyrgðarmann.
- b) Þjálfunarfyrirtækið skal tilnefna einstakling eða einstaklinga sem bera ábyrgð á þjálfuninni. Hann eða þeir skulu bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.
- c) Þjálfunarfyrirtækið skal hafa nógu marga og hæfa starfsmenn til að áformuð verkefni og starfsemi geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur.
- d) Þjálfunarfyrirtæki skal halda skrá yfir kennara í bóklegum greinum þar sem fram kemur viðeigandi fagleg menntun þeirra og hæfi, staðfesting á því að þeir hafi fullnægjandi þekkingu og reynslu og mat á kennslutækni ásamt þeim námsgreinum sem þeir hafa réttindi til að kenna.
- e) Þjálfunarfyrirtæki skulu setja verklagsreglur til að viðhalda hæfni kennara í bóklegum greinum.
- f) Þjálfunarfyrirtæki skulu tryggja að kennarar í verklegri þjálfun og matsmenn ljúki upprifjunarþjálfun með fullnægjandi árangri til að framlengja gildistíma viðkomandi viðbótaráritunar.
- g) Þjálfunarfyrirtæki skulu viðhalda skrá yfir einstaklinga, sem eru hæfir til að meta hæfni kennara í verklegri þjálfun og hæfni matsmanna í samræmi við ATCO.C.045, miðað við viðeigandi viðbótaráritanir þeirra.

ATCO.OR.C.015 Aðstaða og búnaður

- a) Þjálfunarfyrirtækið skal hafa aðstöðu til að hægt sé að framkvæma og stýra öllum fyrirhuguðum verkefnum og starfsemi í samræmi við þessa reglugerð.
- b) Þjálfunarfyrirtækið skal tryggja að flugþjálfar uppfylli viðeigandi forskriftir og kröfur sem skipta máli fyrir verkefnið.
- c) Á meðan starfsþjálfun á vinnustað fer fram skal þjálfunarfyrirtækið tryggja að starfsþjálfarinn búi yfir nákvæmlega sömu upplýsingum og einstaklingurinn, sem gengst undir starfsþjálfun á vinnustað, og hafi úrræði til að grípa tafarlaust inn í.

ATCO.OR.C.020 Skráhald

- a) Þjálfunarfyrirtæki skulu halda ítarlegar skrár yfir einstaklinga, sem gangast undir eða hafa gengist undir þjálfun, til að sýna fram á að allar kröfur þjálfunarnámskeiðsins hafi verið uppfylltar.
- b) Þjálfunarfyrirtæki skulu koma á og viðhalda kerfi til að skrá faglega menntun og hæfi og mat á kennslutækni kennara og matsmanna, ásamt námsgreinunum sem þeir hafa réttindi til að kenna, eftir því sem við á.
- c) Geyma skal skrárnar, sem krafist er samkvæmt a- og b-lið, í a.m.k. fimm ár, samkvæmt gildandi landslögum um gagnavernd:
 - 1) eftir að einstaklingurinn, sem gengst undir þjálfun, hefur lokið námskeiðinu og
 - 2) eftir að kennari eða matsmaður hættir að starfa fyrir þjálfunarfyrirtækið, eftir því sem við á.
- d) Ferlið við geymslu skjala, þ.m.t. snið á skránum, skal tilgreint í stjórnunarkerfi þjálfunarfyrirtækisins.
- e) Skrár skulu geymdar með öruggum hætti.

ATCO.OR.C.025 Fjármögnun og tryggingar

Þjálfunarfyrirtæki skulu sýna fram á að nægilegt fjármagn sé til ráðstöfunar til að bjóða upp á þjálfun samkvæmt þessari reglugerð og að starfsemin hafi nægilega tryggingavernd í samræmi við eðli þeirrar þjálfunar sem veitt er og að öll starfsemi geti farið fram í samræmi við þessa reglugerð.

D-KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ OG ÞJÁLFUNARÁETLANIR**ATCO.OR.D.001 Kröfur sem varða þjálfunarnámskeið og þjálfunaráætlanir**

Þjálfunarfyrirtæki skulu þróa:

- a) þjálfunaráætlanir og þjálfunarnámskeið sem tengjast þeirri tegund/tegundum þjálfunar sem þeir veita í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í D-kafla I. viðauka (ATCO-hluta),
- b) námsgreinar og markmið námskeiða, efni og undirefni vegna viðbótararitana í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka (ATCO-hluta),
- c) matsaðferðir í samræmi við 3. lið a-liðar ATCO.D.090 og 3. lið a-liðar ATCO.D.095.

ATCO.OR.D.005 Niðurstöður prófa og mats sem og vottorð

- a) Þjálfunarfyrirtæki skal gera niðurstöður prófa og mats aðgengilegar umsækjanda og, samkvæmt beiðni hans, gefa út vottorð með þessum niðurstöðum.
- b) Þjálfunarfyrirtækið skal gefa út vottorð þegar grunnþjálfun, eða réttindþjálfun vegna útgáfu viðbótaráritunar, hefur verið lokið með viðunandi árangri.
- c) Aðeins skal gefa út vottorð, að beiðni umsækjanda, um að undirstöðuþjálfun hafi verið lokið ef viðkomandi hefur lokið öllum viðfangsefnum, efnunum og undirefnum í 2. viðbæti I. viðauka og ef umsækjandinn hefur staðist öll próf og mat sem þeim tengjast.

E-KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA FLUGLÆKNASETUR**ATCO.OR.E.001 Fluglæknasetur**

Fluglæknasetur skulu beita ákvæðum ORA.GEN-kafla og ORA.AeMC-kafla VII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012 ⁽⁹⁾ þegar:

- a) skipta á út öllum tilvísunum í 1. flokk með tilvísunum í 3. flokk og
- b) skipta á út öllum tilvísunum í MED-hluta með tilvísunum í ATCO.MED-hluta.

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnáætlunir vegna flugþjálfa og fluglæknasetra í almenningsskiptum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 100, 5.4.2012, bls. 1).

*IV. VIÐAUKI***ATCO.MED-HLUTI****LÆKNISFRÆÐILEGAR KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FLUGUMFERÐARSTJÓRA**

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR*1. ÞÁTTUR**Almennt***ATCO.MED.A.001 Lögbært yfirvald**

Að því er varðar þennan hluta merkir „lögbært yfirvald“:

a) að því er varðar fluglæknasetur (AeMC):

- 1) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglæknasetursins er, tilnefnir,
- 2) Flugöryggisstofnunin ef fluglæknasetrið er í þriðja landi.

b) að því er varðar fluglækna (AME):

- 1) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglækna er, tilnefnir,
- 2) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem fluglæknirinn sækir um vottorð, tilnefnir, ef aðalstarfsstöð fluglæknis er í þriðja landi.

ATCO.MED.A.005 Gildissvið

Í þessum hluta, sem settur er fram í þessum viðauka, eru settar kröfur um:

- a) útgáfu, gildistíma, framlengingu og endurnýjun heilbrigðisvottorðsins, sem krafist er til að neyta réttinda skirteinis flugumferðarstjóra eða skirteinis flugumferðarstjóranema, að undanskildum kennurum á flugþjálfá, og
- b) vottun fluglæknis til að gefa út 3. flokks heilbrigðisvottorð.

ATCO.MED.A.010 Skilgreiningar

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „viðurkennt læknisfræðilegt mat“: niðurstaða sem einn eða fleiri sérfræðilæknar, viðurkenndir af skirteinisyfirvaldi, hafa komist að í tilteknu tilviki á grundvelli viðmiðana, sem eru hlutlæggar og án mismununar, í samráði við sérfræðinga í flugrekstri eða aðra sérfræðinga, eins og þörf krefur, og þ.m.t. mat á rekstraráhættu,
- b) „mat á flugheilbrigði“: niðurstaðan varðandi heilbrigði umsækjanda, sem byggist á mati á heilsufarssögu umsækjandans og flugheilbrigðisskoðunum, eins og gerð er krafa um í þessum hluta, og frekari skoðunum og læknisrannsóknnum eins og þörf krefur,
- c) „flugheilbrigðisskoðun“: athugun, þreifing, ásláttur, hlustun eða aðrar rannsóknaraðferðir sem einkum eru notaðar til að ákvarða að viðkomandi sé nógu heilbrigður til að neyta réttinda skirteinis,
- d) „augnsérfræðingur“: augnlæknir eða sérfræðingur í augnumhirðu sem hefur starfsréttindi til sjónmælinga og hefur hlotið þjálfun í að greina sjúkdómsástand,
- e) „rannsókn“: mat á mögulegu sjúkdómsástandi hjá umsækjanda með skoðunum og prófunum til að ákvarða hvort heilsufarsástand sé til staðar eða ekki,
- f) „skirteinisyfirvald“: lögbært yfirvald þess aðildarríkis sem gaf út skirteinið, eða þar sem einstaklingur sækir um skirteini, eða, þegar einstaklingur hefur enn ekki sótt um skirteini, lögbæra yfirvaldið í samræmi við þennan hluta,

- g) „takmörkun“: skilyrði, sem skráð er í heilbrigðisvottorð, sem fara skal eftir þegar neytt er réttinda skírteinis,
- h) „sjónlagsgalli“: sjónlag mælt í þeim ás augans sem mest frávik hefur og er mælt með stöðluðum aðferðum í ljósbrotseiningum (e. *dioptrés*),
- i) „alvarlegt/marktækt: tiltekið heilsufarsástand sem myndi koma í veg fyrir að unnt sé að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

ATCO.MED.A.015 Þagnarskylda heilbrigðisstétta

Allir einstaklingar sem koma að flugheilbrigðisskoðunum, -mati og -vottorðum skulu tryggja að þagnarskylda heilbrigðisstétta sé ávallt virt.

ATCO.MED.A.020 Skert heilbrigði

- a) Handhafar skírteina skulu aldrei neyta réttinda skírteina sinna ef:
 - 1) þeim er kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að neyta þessara réttinda af öryggi,
 - 2) þeir taka lyf, hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils, sem er líklegt til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti,
 - 3) þeir sæta lækni meðferð, skurðlækningameðferð eða annarri meðferð sem er líkleg til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.
- b) Að auki skulu handhafar 3. flokks heilbrigðisvottorðs, án ástæðulausrar tafar og áður en þeir neyta réttinda skírteinis síns, leita ráða fluglæknis ef þeir:
 - 1) hafa gengist undir skurðaðgerð eða inngrípsaðgerð,
 - 2) hafa hafið reglubundna notkun á einhverju lyfi,
 - 3) hafa orðið fyrir alvarlegum líkamsmeiðslum sem valda því að viðkomandi getur ekki neytt réttinda skírteinisins,
 - 4) hafa glímt við hvers konar alvarleg veikindi sem valda því að viðkomandi getur ekki neytt réttinda skírteinisins,
 - 5) eru barnshafandi,
 - 6) hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða lækna stofu,
 - 7) þurfa í fyrsta sinn sjóngler til leiðréttingar.

Í slíkum tilvikum skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn meta heilbrigði handhafa skírteinis eða flugumferðarstjóranema og skal skera úr um getu viðkomandi til að neyta réttinda sinna áfram.

ATCO.MED.A.025 Skyldur fluglæknasetra og fluglækna

- a) Við framkvæmd flugheilbrigðis skoðunar og -mats, eins og krafist er samkvæmt þessum hluta, skal fluglæknasetur eða fluglæknir:
 - 1) tryggja að samskiptin við umsækjandann geti farið fram án tungumálaerfiðleika,
 - 2) gera umsækjandanum ljósar afleiðingar þess að veita ófullnægjandi, ónákvæman eða rangan framburð um heilsufarssögu sína,
 - 3) tilkynna skírteinisyfirvaldi ef umsækjandinn veitir ófullnægjandi, ónákvæman eða rangan framburð um heilsufarssögu sína,
 - 4) tilkynna skírteinisyfirvaldi ef umsækjandinn dregur til baka umsókn sína um heilbrigðisvottorð á einhverju stigi ferlisins.
- b) Að lokinni flugheilbrigðis skoðun og -mati skal fluglæknasetrið og fluglæknirinn:
 - 1) upplýsa umsækjandann um það hvort hann sé hæfur eða ekki hæfur eða vísa honum til skírteinisyfirvaldsins,
 - 2) upplýsa umsækjandann um allar takmarkanir sem settar eru á heilbrigðisvottorðið og

- 3) upplýsa umsækjandann um rétt hans til að fá ákvörðunina endurskoðaða ef hann hefur verið metinn sem ekki hæfur og
 - 4) leggja skýrslu án tafar fyrir skírteinisyfirvaldið sem er undirrituð eða auðkennd með rafrænum hætti og sem inniheldur ítarlegar niðurstöður flugheilbrigðiskoðunarinnar og -matsins vegna heilbrigðisvottorðsins ásamt afriti af umsóknareyðublaðinu, skoðunareyðublaðinu og heilbrigðisvottorðinu og
 - 5) upplýsa umsækjandann um ábyrgð hans ef um er að ræða skert heilbrigði eins og tilgreint er í ATCO.MED.A.020.
- c) Fluglæknasetur og fluglæknar skulu halda skrár yfir upplýsingar um flugheilbrigðiskoðanir og -mat, sem framkvæmd eru í samræmi við þennan hluta, og yfir niðurstöður sínar í a.m.k. 10 ár eða eins lengi og kveðið er á um í landslöggjöf, ef það tímabil er lengra.
 - d) Fluglæknasetur og fluglæknar skulu framsenda allar flugheilbrigðisskrár og -skýrslur og allar aðrar viðeigandi upplýsingar til læknisfræðilegra sérfræðinga lögbæra yfirvaldsins, sé þess óskað, vegna:
 - 1) heilbrigðisvottorðs,
 - 2) eftirlitsstarfsemi.

2. ÞÁTTUR

Kröfur um heilbrigðisvottorð

ATCO.MED.A.030 Heilbrigðisvottorð

- a) Umsækjendur um og handhafar skírteinis flugumferðarstjóra eða skírteinis flugumferðarstjóranema skulu hafa 3. flokks heilbrigðisvottorð.
- b) Skírteinishafi skal aldrei hafa nema eitt heilbrigðisvottorð í einu, útgefið í samræmi við þennan hluta.

ATCO.MED.A.035 Umsókn um heilbrigðisvottorð

- a) Umsóknir um heilbrigðisvottorð skulu vera með því sniði sem lögbæra yfirvaldið kveður á um.
- b) Umsækjendur um heilbrigðisvottorð skulu láta fluglæknasetrinu eða fluglækninum í té:
 - 1) sönnun um hverjir þeir eru,
 - 2) undirritaða yfirlýsingu:
 - i. um læknisfræðileg atriði sem varða heilsufars sögu þeirra,
 - ii. um hvort þeir hafi áður sótt um heilbrigðisvottorð eða gengist undir flugheilbrigðiskoðun vegna heilbrigðisvottorðs og, ef svo er, hjá hverjum og með hvaða niðurstöðu,
 - iii. um hvort þeir hafi einhvern tímann verið metnir ekki hæfir eða að heilbrigðisvottorð þeirra hafi verið tímabundið felld úr gildi eða afturkallað.
- c) Þegar sótt er um framlengingu eða endurnýjun á heilbrigðisvottorði skulu umsækjendur framvísa síðasta heilbrigðisvottorði sínu í fluglæknasetrinu eða hjá fluglækninum áður en viðeigandi flugheilbrigðisskoðanir fara fram.

ATCO.MED.A.040 Útgáfa, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

- a) Aðeins skal gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð þegar flugheilbrigðisskoðunum og -mati, sem gerð er krafa um, er lokið og umsækjandi hefur verið metinn hæfur.
- b) Fyrsta útgáfa:

Fluglæknasetur skal gefa út fyrsta 3. flokks heilbrigðisvottorð.
- c) Framlenging og endurnýjun:

Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu framlengja eða endurnýja 3. flokks heilbrigðisvottorð.

- d) Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn skulu aðeins gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð ef:
- 1) umsækjandinn hefur látið þeim í té alla heilsufarssögu sína og, ef fluglæknasetrið eða fluglæknirinn fer fram á það, niðurstöður flugheilbrigðissskoðana og -prófana sem framkvæmdar hafa verið af lækni umsækjandans eða öðrum sérfræðilæknum og
 - 2) fluglæknasetrið eða fluglæknirinn hefur framkvæmt mat á flugheilbrigði, sem byggist á flugheilbrigðissskoðunum og -prófunum, eins og gerð er krafa um, til að sannreyna að umsækjandinn uppfylli allar viðeigandi kröfur þessa hluta.
- e) Ef um er að ræða vísun máls getur fluglæknirinn, fluglæknasetrið eða skirteinisyfirvaldið farið fram á að umsækjandinn gangist undir frekari heilbrigðissskoðanir og rannsóknir þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi áður en heilbrigðisvottorð er gefið út, framlengt eða endurnýjað.
- f) Skirteinisyfirvald má gefa út eða endurútgefa heilbrigðisvottorð, eftir því sem við á, ef:
- 1) um er að ræða vísun máls,
 - 2) það hefur komið auga á að nauðsynlegt sé að leiðrétta upplýsingarnar á vottorðinu en í slíku tilviki skal afturkalla ranga heilbrigðisvottorðið.

ATCO.MED.A.045 Gildistími, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

a) Gildistími

- 1) 3. flokks heilbrigðisvottorð skulu gilda í 24 mánuði.
- 2) Gildistími 3. flokks heilbrigðisvottorða styttest í 12 mánuði fyrir handhafa vottorðs sem hafa náð 40 ára aldri. Heilbrigðisvottorð, sem gefið er út áður en 40 ára aldri er náð, fellur úr gildi þegar handhafi vottorðsins nær 41 ára aldri.
- 3) Gildistími heilbrigðisvottorðs, þ.m.t. allar tengdar skoðanir eða sérstakar rannsóknir, skal:
 - i. ákveðinn eftir aldri umsækjanda á þeim degi sem flugheilbrigðissskoðunin fer fram og
 - ii. reiknaður út frá dagsetningu flugheilbrigðissskoðunarinnar, ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun, og frá deginum sem fyrra heilbrigðisvottorðið fellur úr gildi, ef um er að ræða framlengingu.

b) Framlenging

Flugheilbrigðissskoðun og -mat vegna framlengingar heilbrigðisvottorðs mega fara fram allt að 45 dögum áður en heilbrigðisvottorðið fellur úr gildi.

c) Endurnýjun

- 1) Uppfylli handhafi heilbrigðisvottorðs ekki ákvæði b-liðar skal gerð krafa um flugheilbrigðissskoðun og -mat vegna endurnýjunar.
- 2) Ef heilbrigðisvottorðið hefur fallið úr gildi fyrir:
 - i. minna en tveimur árum skal framkvæma venjubundna flugheilbrigðissskoðun vegna endurnýjunar,
 - ii. meira en tveimur árum má fluglæknasetrið eða fluglæknirinn aðeins framkvæma flugheilbrigðissskoðun vegna endurnýjunar eftir að flugheilbrigðissskýrslur umsækjandans hafa verið metnar,
 - iii. meira en fimm árum gilda kröfur um flugheilbrigðissskoðanir að því er varðar fyrstu útgáfu og skal matið byggt á kröfunum um framlengingu.

ATCO.MED.A.046 Tímabundin ógilding eða afturköllun heilbrigðisvottorðs

- a) Við afturköllun heilbrigðisvottorðs skal handhafi þess tafarlaust skila heilbrigðisvottorðinu til skirteinisyfirvaldsins.
- b) Við tímabundna ógildingun heilbrigðisvottorðs skal handhafi þess skila heilbrigðisvottorðinu til skirteinisyfirvaldsins þegar yfirvaldið óskar eftir því.

ATCO.MED.A.050 Vísun

Ef umsækjanda um 3. flokks heilbrigðisvottorð er vísað til skirteinisyrivalda í samræmi við ATCO.MED.B.001, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn flytja viðeigandi heilbrigðisgögn til skirteinisyrivaldsins.

B-KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA HEILBRIGÐISVOTTORÐ FLUGUMFERÐARSTJÓRA

1. ÞÁTTUR

Almennt**ATCO.MED.B.001 Takmarkanir í heilbrigðisvottorðum**

a) Takmarkanir í 3. flokks heilbrigðisvottorðum:

- 1) Ef umsækjandinn uppfyllir ekki að fullu kröfurnar um 3. flokks heilbrigðisvottorð, en er ekki talinn líklegur til tefla því í tvísýnu að hann geti neytt réttinda skirteinisins með öruggum hætti, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn:
 - i. vísa ákvörðun um heilbrigði umsækjandans til skirteinisyrivalds, eins og tilgreint er í þessum kafla, eða
 - ii. hvað varðar tilvik þar sem vísun til skirteinisyrivalds er ekki tilgreind í þessum kafla, meta það hvort umsækjandinn er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti, þegar viðkomandi uppfyllir eina eða fleiri af þeim takmörkunum sem áritaðar eru á heilbrigðisvottorðið, og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun eða takmörkunum, eftir því sem þörf krefur.
- 2) Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn getur framlengt eða endurnýjað heilbrigðisvottorð með sömu takmörkun án þess að vísa umsækjanda til skirteinisyrivaldsins.

b) Þegar metið er hvort takmörkun sé nauðsynleg skal sérstaklega skoða:

- 1) hvort viðurkennt læknisfræðilegt mat gefi til kynna að þrátt fyrir að umsækjandinn uppfylli ekki allar tölulegar kröfur eða aðrar kröfur við sérstakar aðstæður sé ólíklegt að hann tefli því í tvísýnu að hann geti neytt réttinda skirteinis síns með öruggum hætti
- 2) reynslu umsækjanda sem skiptir máli fyrir fyrirhugaða starfrækslu.

c) Starfrækslutakmarkanir

- 1) Lögbæra yfirvaldið skal í samstarfi við veitanda flugleiðsöguþjónustu ákvarða viðeigandi starfrækslutakmarkanir í því tiltekna starfræksluhverfi sem um er að ræða.
- 2) Aðeins skirteinisyrivald skal setja viðeigandi starfrækslutakmarkanir á heilbrigðisvottorðið.

d) Setja má aðrar takmarkanir á handhafa heilbrigðisvottorðs, ef farið er fram á það, til að tryggja að réttinda skirteinis sé neytt með öruggum hætti.

e) Allar takmarkanir, sem settar eru á handhafa heilbrigðisvottorðs, skulu tilgreindar í vottorðinu.

2. ÞÁTTUR

Læknisfræðilegar kröfur sem varða 3. flokks heilbrigðisvottorða**ATCO.MED.B.005 Almennt**

Umsækjendur skulu lausir við eftirfarandi sem gæti valdið skerðingu á starfshæfni þeirra og komið í veg fyrir að þeir geti innt af hendi skyldur sínar með öruggum hætti eða valdið því að umsækjandi yrði skyndilega ófær um að neyta réttinda skirteinisins með öruggum hætti:

- 1) galla, meðfædda eða áunna,
- 2) virka, dulda, bráða eða langvinna sjúkdóma eða fötlun,

- 3) sár, meiðsli eða afleiðingar aðgerðar,
- 4) verkanir eða aukaverkanir lyfs hvort sem því hefur verið ávísað eða það er fengið án lyfseðils og hvort sem það er ætlað til meðferðar, sjúkdómsgreiningar eða til notkunar vegna fyrirbyggjandi eiginleika.

ATCO.MED.B.010 Hjarta- og æðakerfi

a) Skoðun

- 1) Tekið skal staðlað 12-leiðara hjartalínurit í hvíld og skýrsla samin í kjölfar skoðunar í tengslum við fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs og síðan:
 - i. á fjögurra 4 ára fresti þar til 30 ára aldri er náð,
 - ii. við allar skoðanir í tengslum við framlengingu eða endurnýjun eftir það og
 - iii. þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi.
- 2) Framkvæma skal ítarlegt hjarta- og æðamat:
 - i. við fyrstu skoðun í tengslum við framlengingu eða endurnýjun eftir að 65 ára aldri er náð,
 - ii. á fjögurra ára fresti eftir það og
 - iii. þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi.
- 3) Áætla skal magn lípiða í sermi, þ.m.t. kólesteróls, við skoðun í tengslum við fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs, við fyrstu skoðun eftir 40 ára aldur og þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi.

b) Hjarta- og æðakerfi — almennt

- 1) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:
 - i. slagæðargúlp í ósæð í brjóstholi eða í kviðarholshluta ósæðar ofan nýrna, fyrir skurðaðgerð,
 - ii. marktæk starfræn frábrigði í einhverri af hjartalokunum eða einkenni þar að lútandi,
 - iii. hafa farið í hjartaígræðslu eða hjarta-/lungnaígræðslu.
- 2) Vísa skal umsækjendum með staðfesta sögu um eða greiningu, sem samsvarar einhverju af eftirfarandi sjúkdómsástandi, til skirteinisýfirvalds áður en hægt er að meta þá hæfa:
 - i. útslagæðasjúkdóm, fyrir eða eftir skurðaðgerð,
 - ii. slagæðargúlp í ósæð í brjóstholi eða í kviðarholshluta ósæðar ofan nýrna eftir skurðaðgerð,
 - iii. slagæðargúlp í kviðarholshluta ósæðar, neðan nýrna, fyrir eða eftir skurðaðgerð,
 - iv. afbrigðileika í hjartalokum sem hefur litla starfræna þýðingu,
 - v. afturbati eftir skurðaðgerð á hjartalokum,
 - vi. galla í gollurshúsi, hjartavöðva eða hjartaþeli,
 - vii. meðfæddan hjartagalla, fyrir eða eftir lagfæringu með skurðaðgerð,
 - viii. endurtekin æðavíkkunaraðsvif,
 - ix. segamyndun í slagæð eða bláæðum,
 - x. lungnablóðrek,
 - xi. hjarta- og æðasjúkdóm sem krefst kerfistengdrar meðferðar með segavarnarlyfi.

- c) Blóðþrýstingur
- 1) Blóðþrýstingur skal mældur við hverja skoðun.
 - 2) Blóðþrýstingur umsækjanda skal vera innan eðlilegra marka.
 - 3) Umsækjendur skulu ekki metnir hæfir ef:
 - i. þeir hafa lágþrýsting með einkennum eða
 - ii. blóðþrýstingur þeirra við skoðun er stöðugt yfir 160 mm Hg slagbilsþrýstingi og/eða 95 mm Hg þanbilsþrýstingi, með eða án meðferðar.
 - 4) Við upphaf lyfjameðferðar við blóðþrýstingsstjórnun skal kveða á um tímabundið mat á vanhæfni til að ganga úr skugga um að ekki sé um að ræða neinar alvarlegar hliðarverkanir.
- d) Kransæðasjúkdómur
- 1) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:
 - i. kransæðasjúkdóm með einkennum,
 - ii. einkenni um kransæðasjúkdóm sem haldið er niðri með lyfjum.
 - 2) Vísa skal umsækjendum með eitthvað af eftirtöldu til skírteinisyrivalds og skulu þeir gangast undir hjartarannsókn til að útiloka blóðþurrð í hjartavöðva áður en hægt er að meta þá hæfa:
 - i. grun um blóðþurrð í hjartavöðva,
 - ii. einkennalausan, minni háttar kransæðasjúkdóm sem ekki þarfnast meðferðar.
 - 3) Vísa skal umsækjendum með sögu eða greiningu, sem samsvarar einhverju af eftirfarandi sjúkdómsástandi, til skírteinisyrivalds og skulu þeir fara í hjartarannsókn áður en hægt er að meta þá hæfa:
 - i. blóðþurrð í hjartavöðva,
 - ii. kransæðastíflu,
 - iii. enduræðun og fõðrun vegna kransæðasjúkdóma.
- e) Truflun á slætti eða leiðni
- 1) Vísa skal umsækjendum um 3. flokks heilbrigðisvottorð, sem hafa marktækar truflanir á hjartaleiðni eða hjartslætti, öðru hverju eða stöðugt, til skírteinisyrivalds og skulu þeir fara í hjartarannsókn sem þarf að skila fullnægjandi niðurstöðum áður en hægt er að meta þá hæfa. Þessar truflanir fela í sér eftirfarandi:
 - i. truflanir á ofanslegilstakti, þ.m.t. gúls- og gáttartruflanir, hvort sem þær koma fyrir öðru hverju eða stöðugt, gáttatif og/eða -flökt og einkennalaus gúlsstöðvun,
 - ii. algert vinstra greinrof,
 - iii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 2,
 - iv. hraðslátt með gleiðri og/eða mjórri bylgjumynd,
 - v. slegilforörvun,
 - vi. einkennalaus lengingu á QT-bilinu,
 - vii. Brugada-heilkenni (kemur í ljós á hjartariti).

- 2) Umsækjendur með einhver af sjúkdómseinkennum, sem talin eru upp í i.-viii. lið, má meta hæfa ef ekki er um neinn annan galla að ræða, sbr. þó að hjartarannsóknin skili fullnægjandi niðurstöðum:
 - i. ófullkomið vinstra greinrof,
 - ii. fullkomið hægra greinrof,
 - iii. stöðugt vinstra öxulfrávik,
 - iv. einkennalaus skútahægslátt,
 - v. einkennalaus skútahraðtakt,
 - vi. einkennalaus, einangruð og einsleit aukaslög ofan slegils eða frá slegli (e. *supra-ventricular/ventricular ectopic complexes*),
 - vii. gáttasleglarof, fyrsta stig,
 - viii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 1.
- 3) Vísa skal umsækjendum með sögu um eitthvað af eftirtöldu til skirteinisyrivalds og skulu þeir fara í hjartarannsókn sem þarf að skila fullnægjandi niðurstöðum áður en hægt er að meta þá hæfa:
 - i. brottnámsmeðferð,
 - ii. ígræðslu á gangráði.
- 4) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:
 - i. gúls- og gáttarsjúkdóm með einkennum,
 - ii. fullkomið gáttasleglarof,
 - iii. lengingu á QT-bilinu með einkennum,
 - iv. sjálfvirkt, ígræðanlegt hjartastuðtæki,
 - v. gangráð til að stöðva sleglahraðslátt.

ATCO.MED.B.015 Öndunarfæri

- a) Umsækjendum með alvarlega skerðingu á lungnastarfsemi skal vísað til skirteinisyrivalds vegna mats á flugheilbrigði. Viðkomandi verður metinn hæfur þegar lungnastarfsemi er aftur orðin eðlileg og telst fullnægjandi.
- b) Skoðun

Krafa er gerð um próf á lungnastarfsemi við fyrstu skoðun og ef klínískar ábendingar gefa tilefni til þess.
- c) Umsækjendur, sem hafa sögu um eða staðfesta greiningu á asma sem krefst lyfjameðferðar, skulu fara í öndunarfæraskoðun sem skilar fullnægjandi niðurstöðum. Meta má umsækjanda hæfan ef hann er einkennalaus og meðferð hefur ekki áhrif á öryggi.
- d) Vísa skal umsækjendum með sögu um eða staðfesta greiningu, sem samsvarar einhverju af eftirtöldu, til skirteinisyrivalds og skulu þeir fara í öndunarfæraskoðun sem þarf að skila fullnægjandi niðurstöðum áður en hægt er að meta þá hæfa:
 - 1) virkum bólgusjúkdómi í öndunarfærum,
 - 2) virku sarklíki,
 - 3) loftbrjósti,

- 4) kæfisvefnshéikenni,
- 5) meiri háttar brjóstholsaðgerð,
- 6) langvinnum lungnasjúkdómi,
- 7) lungnaígræðslu.

ATCO.MED.B.020 Meltingarkerfið

- a) Umsækjendur með einhverjar afleiðingar sjúkdóms eða skurðaðgerðar á hlutum meltingarvegs eða viðhengjum hans, sem líklegt er að valdi vanhæfni til starfa, einkum allar hindranir vegna þrængsla eða samþjöppunar, skulu ekki metnir hæfir.
- b) Umsækjendur skulu vera fullkomlega lausir við kviðslit af því tagi sem kynni að valda einkennum sem leiða til vanhæfni til starfa.
- c) Meta má umsækjendur hafa sem hafa truflanir í meltingarkerfinu, þ.m.t. þær sem taldir eru upp í 1.–5. lið, sbr. þó fullnægjandi mat á meltingarfærum að lokinni árangursríkri meðferð eða fullum bata eftir skurðaðgerð:
 - 1) ítrekaðar meltingartruflanir sem þarfnast lyfjameðferðar,
 - 2) brisbólga,
 - 3) gallsteinar með einkennum,
 - 4) staðfest greining á eða saga um langvinna bólgusjúkdóma í þörmum,
 - 5) eftir skurðaðgerð á meltingarvegi eða viðhengjum hans, þ.m.t. skurðaðgerð sem felur í sér brottám að fullu eða að hluta eða hjáveitu einhvers þessara líffæra.

ATCO.MED.B.025 Efnaskipta- og innkirtlakerfi

- a) Umsækjendur með efnaskipta-, næringar- eða innkirtlatruflanir má meta hæfa, með fyrirvara um að sýnt hafi verið fram á að ástandið sé stöðugt og mat á flugheilbrigði hafi farið fram sem skilaði fullnægjandi niðurstöðum.
- b) Sykursýki
 - 1) Umsækjendur með sykursýki sem krefst insúlíns skal ekki meta hæfa.
 - 2) Vísa skal öllum umsækjendum með sykursýki, sem þarfnast annarra lyfja en insúlíns til að stjórna blóðsykrinum, til skirteinisyfirvaldsins. Meta má umsækjanda hæfan ef hægt er að sýna fram á að búið sé að ná stjórn á blóðsykrinum og hann sé stöðugur.

ATCO.MED.B.030 Blóðsjúkdómar

- a) Fluglæknir eða fluglæknasetur skal taka ákvörðun um blóðpröfun, ef þörf er á henni, með tilliti til heilsufarssögu og í kjölfar læknisskoðunar.
- b) Umsækjendum með blóðsjúkdóm, s.s.:
 - 1) blóðstorknunar-, blæðinga- eða segamyndunarröskun,
 - 2) langvinnt hvítblæði,
 - 3) óeðlilegan blóðrauða, þ.m.t. en ekki einskorðað við blóðleysi, rauðkornafjölgun eða blóðrauðakvilla,
 - 4) marktæka eitlastækkun,
 - 5) miltisstækkun,

skal vísað til skirteinisyfirvaldsins. Meta má umsækjanda hæfan, sbr. þó fullnægjandi mat á flugheilbrigði.

- c) Umsækjendur sem þjást af bráðahvítblæði skulu ekki metnir hæfir.

ATCO.MED.B.035 Þvag- og kynfæri

- a) Þvagrannsókn skal vera hluti af öllum heilbrigðissskoðunum. Í þvaginu skulu ekki vera nein efni sem benda til sjúkdóma.
- b) Umsækjendur með einhverjar eftirstöðvar sjúkdóms eða skurðaðgerðar í þvag- og kynfærum eða viðhengjum þeirra, sem eru líklegar til að valda vanhæfni til starfa, einkum hindranir vegna þrængsla eða samþjöppunar skulu ekki metnir hæfir.
- c) Umsækjendur með röskun í þvag- og kynfærum, s.s.:
 - 1) nýrnasjúkdóm,
 - 2) einn eða fleiri þvagfærasteina,má meta hæfa, sbr. þó að rannsókn á nýrum/þvagfærum skili fullnægjandi niðurstöðum.
- d) Umsækjendur sem hafa gengist undir:
 - 1) meiri háttar skurðaðgerð á þvag- og kynfærum eða viðhengjum þeirra sem felur í sér brott nám að fullu eða að hluta eða hjáveitu þessara líffæra eða
 - 2) meiri háttar skurðaðgerð á þvagfærum,skal vísað til skirteinisyrivalds til að gangast undir mat á flugheilbrigði eftir að fullum bata er náð áður en hægt er að meta þá hæfa.

ATCO.MED.B.040 Smitsjúkdómar

- a) Vísa skal umsækjendum, sem eru HIV-jákvæðir, til skirteinisyrivaldsins og má meta þá hæfa, með fyrirvara um fullnægjandi mat sérfræðings og að því tilskildu að skirteinisyrivaldið hafi fullnægjandi sannanir fyrir því að tilskilin meðferð komi ekki í veg fyrir að réttinda skirteinis sé neytt með öruggum hætti.
- b) Umsækjendum sem sýna einkenni smitsjúkdóma eða hafa t.d. verið greindir með:
 - 1) bráða sárásótt,
 - 2) virka berkla,
 - 3) smitandi lifrabólgu,
 - 4) hitabeltissjúkdóma,skal vísað til skirteinisyrivaldsins til að gangast undir mat á flugheilbrigði. Meta má umsækjendur hæfa þegar fullum bata hefur verið náð og að loknu sérfræðimati, að því tilskildu að skirteinisyrivaldið hafi fullnægjandi sannanir fyrir því að tilskilin meðferð komi ekki í veg fyrir að réttinda skirteinis sé neytt með öruggum hætti.

ATCO.MED.B.045 Fæðinga- og kvenlækningar

- a) Umsækjendur, sem farið hafa í meiri háttar kvensjúkdómaaðgerð, skulu ekki metnir hæfir fyrr en þeir hafa náð fullum bata.
- b) Meðganga

Þegar um er að ræða þungun, ef fluglæknasetrið eða fluglæknirinn telur að skirteinishafi sé fær um að neyta réttinda sinna, skal gildistími heilbrigðisvottorðsins takmarkast við lok 34. viku meðgöngu. Skirteinishafi skal fara í flugheilbrigðissskoðun og -mat vegna framlengingar eftir að fullum bata hefur verið náð að lokinni meðgöngu.

ATCO.MED.B.050 Vöðva- og beinakerfi

- a) Umsækjendur skulu hafa fullnægjandi starfræn not af vöðva- og beinakerfi til að gera þeim kleift að neyta réttinda skirteinisins með öruggum hætti.
- b) Vísa skal umsækjendum með stöðug eða stigversnandi einkenni sjúkdóma, sem tengjast vöðva- og beinakerfi, eða gigtarsjúkdóma, sem líklegt er að hindri viðkomandi að neyta réttinda skirteinisins með öruggum hætti, til skirteinisyrivalds. Meta má umsækjanda hæfan að loknu fullnægjandi mati sérfræðings.

ATCO.MED.B.055 Geðfræðilegar kröfur

- a) Umsækjendur með geð- eða atferlisröskun sökum notkunar áfengis eða annarrar notkunar eða misnotkunar á geðvirkum efnum, þ.m.t. efni sem notuð eru í félagslegum tilgangi, hvort sem þeir eru háðir efnunum eða ekki, skulu ekki metnir hæfir fyrr en þeir geta sýnt fram á að þeir hafi verið allsgáðir eða hafi hvorki notað né misnotað geðvirk efni um tíma, sbr. þó fullnægjandi geðmat að lokinni árangursríkri meðferð. Umsækjendum skal vísað til skirteinisýfirvaldsins.
- b) Umsækjendur með geðræna kvilla, s.s.:
- 1) lyndisröskun,
 - 2) hugsýki,
 - 3) persónuleikaröskun,
 - 4) geð- eða atferlisröskun,
- skulu gangast undir fullnægjandi geðmat áður en hægt er að meta þá hæfa. Vísa skal umsækjendum til skirteinisýfirvaldsins til að gangast undir mat á heilbrigði þeirra.
- c) Umsækjendur, sem hafa sögu um að hafa einu sinni eða ítrekað reynt að valda sjálfum sér skaða, skulu ekki metnir hæfir. Umsækjendum skal vísað til skirteinisýfirvalds og skulu þeir gangast undir fullnægjandi geðmat áður en hægt er að meta þá hæfa.
- d) Umsækjendur með staðfesta sögu um eða hafa verið greindir á klínískan hátt með geðklofa, geðklofagerðaröskun, hugvilluröskun eða geðrof skulu ekki metnir hæfir.

ATCO.MED.B.060 Sálfræðilegar kröfur

- a) Vísa skal umsækjendum sem sýna streitueinkenni, sem líklegt er að hindri getu þeirra til að neyta réttinda skirteinisins með öruggum hætti, til skirteinisýfirvaldsins. Aðeins má meta umsækjendur hæfa eftir að sýnt hefur verið fram á með sálfræði- og/eða geðmati að umsækjandinn hafi komist yfir streitutengdu einkenni.
- b) Hægt er að krefjast sálfræðilegs mats sem hluta af, eða til viðbótar við, geðfræðilega eða taugafraðilega rannsókn sérfræðings.

ATCO.MED.B.065 Taugafraðilegar kröfur

- a) Umsækjendur með staðfesta sögu um eða hafa verið greindir á klínískan hátt með eftirfarandi skulu ekki metnir hæfir:
- 1) flogaveiki, að undanskildum tilvikum skv. 1. og 2. lið b-liðar,
 - 2) ítrekaðar truflanir á meðvitund án þekktrar orsakar,
 - 3) sjúkdómsástand þar sem miklar líkur eru á truflun á heilastarfsemi.
- b) Vísa skal umsækjendum með staðfesta sögu um eða sem hafa verið greindir á klínískan hátt með eitthvert af eftirfarandi sjúkdómsástandi til skirteinisýfirvalds og skulu þeir gangast undir frekara mat áður en hægt er að meta þá hæfa:
- 1) flogaveiki, án þess að fá flog eftir fimm ára aldur,
 - 2) flogaveiki, án þess að fá flog og án meðhöndlunar í meira en tíu ár,
 - 3) flogaveikileg frábrigði á heilalínuriti og staðbundnar hægar bylgjur,
 - 4) ágenga eða stöðuga sjúkdómi í taugakerfinu,
 - 5) eitt atvik þar sem truflun verður á meðvitund eða viðkomandi missir meðvitund,

- 6) áverka á heila,
- 7) meiðsli á mænu eða úttaugum,
- 8) kvilla í taugakerfinu vegna æðaskemmda, þ.m.t. atvik þar sem um er að ræða blæðingar og blóðþurrð.

ATCO.MED.B.070 Sjónkerfi

- a) Skoðun
 - 1) Ítarleg augnskoðun skal vera hluti af fyrstu skoðun sem skal framkvæmd með reglulegu millibili með hliðsjón af sjónlagi og starfshæfni augans.
 - 2) Venjuleg augnskoðun skal vera hluti af öllum skoðunum í tengslum við framlengingu og endurnýjun.
 - 3) Umsækjendur skulu gangast undir þrýstingsmælingu við skoðun í tengslum við fyrstu framlengingu eftir 40 ára aldur, ef klínískar vísbendingar og fjölskyldusaga gefa tilefni til.
 - 4) Umsækjendur skulu láta fluglæknasetri eða fluglækni í té augnskoðunarskýrslu þegar:
 - i. marktækar breytingar eru á starfshæfni,
 - ii. aðeins er hægt að uppfylla kröfur um fjarlægðarsjón með sjónglerjum til leiðréttingar.
 - 5) Umsækjendum með mikinn sjónlagsgalla skal vísað til skirteinisyfirvaldsins.
- b) Fjarlægðarsjónskerpa, með eða án hámarksleiðréttingu, skal vera 6/9 (0,7) eða betri á hvoru auga og sjónskerpa á báðum augum skal vera 6/6 (1,0) eða betri.
- c) Umsækjendur sem sækja um í fyrsta skipti, sem hafa sjón á öðru auganu eða þar sem aðeins öðru auganu er beitt, þ.m.t. jafnvægisvandamál sem tengjast augnvöðva, skulu ekki metnir hæfir. Við framlengingu eða endurnýjun má meta umsækjandann hæfan, að því tilskildu að augnskoðun sé fullnægjandi. Vísa skal umsækjandanum til skirteinisyfirvaldsins.
- d) Umsækjendur sem sækja um í fyrsta skipti, sem hafa áunna sjónskerðingu á öðru auga, skulu ekki metnir hæfir. Við framlengingu eða endurnýjun skal vísa umsækjandanum til skirteinisyfirvaldsins og má meta hann hæfan, að því tilskildu að augnskoðun sé fullnægjandi.
- e) Umsækjendur skulu geta lesið N5 spjald eða jafngilt í 30–50 cm fjarlægð og N14 spjald eða jafngilt í 60–100 cm fjarlægð, ef nauðsyn krefur, með leiðréttingu,
- f) Umsækjendur skulu hafa eðlilegt sjónsvið og eðlilega virkni á báðum augum.
- g) Umsækjendur, sem hafa farið í augnaðgerð, skulu ekki metnir hæfir fyrr en þeir hafa náð fullri sjón á ný. Skirteinisyfirvaldið má meta umsækjanda hæfan, sbr. þó sjónpróf sem skilar fullnægjandi niðurstöðum.
- h) Umsækjendum, sem hafa verið greindir á klínískan hátt með keiluglæru, skal vísað til skirteinisyfirvalds og má meta þá hæfa, sbr. þó rannsókn augnlæknis sem skilar fullnægjandi niðurstöðum.
 - i. Umsækjendur með tvísýni skulu ekki metnir hæfir.
- j) Gleraugu og snertilinsur
 - 1) Ef fullnægjandi sjón, að því er varðar skyldur sem inna á af hendi, næst aðeins með notkun leiðréttingar, skulu gleraugu eða snertilinsur veita bestu mögulegu sjón, ekki valda óþægindum og vera hentugar til notkunar við flugumferðarstjórnun.
 - 2) Ekki skal nota fleiri en ein gleraugu þegar þau eru notuð til að neyta réttinda skirteinis til að uppfylla sjónkröfur við allar fjarlægðir.
 - 3) Varagleraugu með sams konar leiðréttingu skulu vera við hendina þegar réttinda skirteinis er neytt.

- 4) Snertilinsur, sem eru notaðar þegar réttinda skírteinis er neytt, skulu vera ólitaðar einskerpulinsur og þær mega ekki vera hornhimnumótandi. Ekki skal nota snertilinsur fyrir skiptisjón.
- 5) Umsækjendur með mikinn sjónlagsgalla skulu nota snertilinsur eða hágæðasjóngler.

ATCO.MED.B.075 Litsjón

Umsækjendur skulu hafa eðlilegt litaskyn.

ATCO.MED.B.080 Háls-, nef- og eyrnafræðilegar kröfur

a) Skoðun

- 1) Venjuleg háls-, nef- og eyrnaskoðun skal vera hluti af öllum skoðunum vegna fyrstu umsóknar og í tengslum við framlengingu og endurnýjun.
- 2) Heyrn skal prófuð í öllum skoðunum. Við prófun á hvoru eyra skal umsækjandinn skilja venjulegt talað mál í tveggja metra fjarlægð frá fluglækninum, þegar hann snýr baki í fluglækninn.
- 3) Heyrn skal prófuð með heyrnarmælingu með hreinum tónum við skoðun vegna fyrstu umsóknar og síðan í skoðunum í tengslum við framlengingu eða endurnýjun á fjögurra ára fresti til 40 ára aldurs og á tveggja ára fresti eftir það.
- 4) Heyrnarmæling með hreinum tónum:
 - i. Umsækjendur um 3. flokks heilbrigðisvottorð mega ekki vera með meira heyrnartap en 35 dB við einhverjar af tíðnunum 500, 1000 eða 2000 Hz eða meira en 50 dB við 3000 Hz á hvoru eyra fyrir sig.
 - ii. Vísa skal umsækjendum, sem uppfylla ekki viðmið um heyrn, til skírteinisyrivalds og skulu þeir gangast undir sérfræðimat áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendur sem sækja um í fyrsta skipti skulu fara í talpróf. Umsækjendur um framlengingu eða endurnýjun 3. flokks heilbrigðisvottorðs skulu fara í heyrnarpróf í rekstrarumhverfi.
- 5) Heyrnartæki:
 - i. Fyrsta skoðun: viðkomandi telst ekki hæfur ef hann þarf að nota heyrnartæki til að uppfylla kröfur um heyrn.
 - ii. Skoðun í tengslum við framlengingu og endurnýjun: meta má viðkomandi hæfan ef notkun heyrnartækis eða viðeigandi hjálpartækja bætir heyrn þannig að viðkomandi uppfylli venjulegar kröfur sem metið er við starfrænar prófanir í starfrækslumhverfi.
 - iii. Ef þörf er á hjálpartækjum til að uppfylla venjulegar kröfur um heyrn skal varabúnaður og fylgihlutir, t.d. rafhlöður, vera fyrir hendi þegar réttinda skírteinis er neytt.

b) Umsækjendur með:

- 1) virkt langvinnt sjúkdómsferli í innra- eða miðeyra,
- 2) ógróna rauf eða vanvirkni í hljóðhimnu eða hljóðhimnum,
- 3) röskun á jafnvægisstarfsemi,
- 4) marktæka aflögun eða alvarlega, langvinna sýkingu í munnholi eða efri öndunarvegi,
- 5) marktæka truflun á tali eða rödd sem dregur úr talskilningi,

skal vísað til skírteinisyrivalds og skulu þeir gangast undir frekari háls-, nef- og eyrnaskoðun og -mat til að staðfesta að ástandið komi ekki í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

ATCO.MED.B.085Húðsjúkdómafræðilegar kröfur

Umsækjendur skulu ekki hafa neinn staðfestan húðsjúkdóm sem er líklegur til að koma í veg fyrir örugga nýtingu réttinda skírteinisins.

ATCO.MED.B.090 Æxlafræðilegar kröfur

- a) Í kjölfar greiningar á fyrsta eða annars stigs illkynja sjúkdómi skal umsækjendum vísað til skirteinisyfirvalds og skulu þeir gangast undir mat hjá krabbameinslækni sem þarf að skila fullnægjandi niðurstöðum áður en hægt er að meta þá hæfa.
- b) Umsækjendur með staðfesta sögu um eða sem hafa verið greindir á klíniskan hátt með illkynja heilæxli skulu ekki metnir hæfir.

C-KAFLI

FLUGLÆKNAR (AME)**ATCO.MED.C.001 Réttindi**

- a) Í samræmi við þennan hluta fela réttindi fluglæknis í sér að framlengja gildistíma og endurnýja 3. flokks heilbrigðisvottorð og framkvæma viðeigandi flugheilbrigðis skoðanir og -mat.
- b) Gildissvið réttinda fluglæknis og öll skilyrði í tengslum við það skulu tilgreind á vottorðinu.
- c) Handhafi vottorðs sem fluglæknir skal ekki framkvæma flugheilbrigðis skoðanir og -mat í öðru aðildarríki en því þar sem vottorð hans sem fluglæknir var gefið út, nema hann hafi:
 - 1) fengið heimild gístaðildarríkisins til að sinna atvinnustarfsemi sinni sem sérmenntaður læknir,
 - 2) upplýst lögbært yfirvald gístaðildarríkisins að hann hyggist framkvæma heilbrigðis skoðanir og -mat og gefa út heilbrigðisvottorð innan gildissviðs réttinda sinna sem fluglæknir og
 - 3) fengið upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi gístaðildarríkisins.

ATCO.MED.C.005 Umsókn

- a) Umsóknir um vottorð fluglæknis skulu lagðar fram í samræmi við verklagsreglur sem lögbæra yfirvaldið hefur komið á.
- b) Umsækjendur um vottorð fluglæknis skulu leggja eftirfarandi fram til lögbærs yfirvalds:
 - 1) persónuupplýsingar og heimilisfang starfsmannar,
 - 2) gögn sem sýna fram á að þeir uppfylli kröfurnar sem settar eru í ATCO.MED.C.010, þ.m.t. vottorð um að þeir hafi lokið námskeiðum í fluglæknisfræði sem er viðeigandi fyrir þau réttindi sem sött er um,
 - 3) skriflega yfirlýsingu um að fluglæknirinn muni gefa út heilbrigðisvottorð á grundvelli krafna í þessum hluta.
- c) Ef fluglæknirinn framkvæmir flugheilbrigðis skoðanir á fleiri en einum stað skal hann veita lögbæru yfirvaldi viðeigandi upplýsingar um allar starfsstöðvarnar og -aðstöðu.

ATCO.MED.C.010 Kröfur um útgáfu vottorðs fluglæknis

Umsækjendur um vottorð fluglæknis með réttindi til að framlengja gildistíma og endurnýja 3. flokks heilbrigðisvottorð skulu:

- a) vera með full starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf og hafa undir höndum vottorð eða staðfestingu þess efnis að þeir hafi lokið sérnámi í læknisfræði,
- b) hafa lokið grunn- og framhaldsnámskeiðum í fluglæknisfræði með fullnægjandi árangri, þ.m.t. sérstökum einingum um mat á flugheilbrigði flugumferðarstjóra og um sérstakt starfsumhverfi innan flugumferðarstjórnar,
- c) sýna lögbæru yfirvaldi fram á að þeir:
 - 1) hafi viðunandi aðstöðu, verklag, skjalahald og starfshæfan búnað, sem er viðeigandi fyrir flugheilbrigðis skoðanir, og
 - 2) hafi ákvarðað nauðsynlegt verklag og skilyrði í því skyni að tryggja þagnarskyldu heilbrigðisstétta.

ATCO.MED.C.015 Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði

- a) Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði skulu samþykkt af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem sá aðili sem veitir námskeiðið hefur aðalstarfsstöð sína. Sá sem veitir námskeiðið skal sýna fram á að námsefni námskeiðsins innihaldi þau námsmarkmið sem þarf til að öðlast nauðsynlega hæfni og að einstaklingarnir, sem sjá um að veita þjálfunina, hafi fullnægjandi þekkingu og reynslu.
- b) Námskeiðunum skal lokið með skriflegu prófi um þau viðfangsefni sem falla undir innihald námskeiðsins, nema ef um er að ræða upprifjunarþjálfun.
- c) Aðilinn sem veitir námskeiðið skal gefa út vottorð til handa umsækjendum um að þeir hafi lokið námskeiðinu þegar þeir hafa staðist viðkomandi próf.

ATCO.MED.C.020 Breytingar á vottorði fluglæknis

- a) Fluglæknar skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu um eftirfarandi aðstæður sem gætu haft áhrif á vottorð þeirra:
 - 1) fluglæknirinn sætir viðurlögum vegna agabrotá eða er til rannsóknar hjá eftirlitsstofnun heilbrigðismála,
 - 2) breytingar hafa orðið á þeim forsendum sem veiting vottorðsins byggðist á, þ.m.t. á innihaldi þeirra yfirlýsinga sem lagðar voru fram með umsókninni,
 - 3) kröfurnar um útgáfu vottorðs fluglæknis eru ekki lengur uppfylltar,
 - 4) starfsstöð eða starfsstöðvar fluglæknis eða heimilisfang hefur breyst.
- b) Sé lögbæra yfirvaldinu ekki tilkynnt um slíkt hefur það í för með sér tímabundna sviptingu eða afturköllun á réttindum vottorðs fluglæknis á grundvelli ákvörðunar þess lögbæra yfirvalds sem tímabundna sviptingin eða afturköllun vottorðsins fellur undir.

ATCO.MED.C.025 Gildistími vottorða fluglækna

Vottorð fluglæknis skal gefið út til þriggja ára hið lengsta. Gildistími þess skal framlengdur, að því tilskildu að handhafi:

- a) uppfylli áfram þau almennu skilyrði sem krafist er af starfandi læknum og viðhaldi skráningu sem starfandi læknir,
- b) hafi gengist undir upprifjunarþjálfun í fluglæknisfræði og í vinnuumhverfi flugumferðarstjóra innan síðustu þriggja ára,
- c) hafi framkvæmt a.m.k. 10 flugheilbrigðis skoðanir á hverju ári; lögbæra yfirvaldið má einungis fækka þessum skoðunum í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum,
- d) uppfylli enn skilyrðin í vottorði sínu sem fluglæknir og
- e) neyti réttinda sinna sem fluglæknir í samræmi við þennan hluta.